



Nóg var um að vera á hárgreiðslustofunni Quest við Laugaveg á síðasta degi opunar fyrir hert samkomubann vegna COVID-19 faraldursins. Jón Aðalsteinn Sveinsson, eigandi stofunnar og formaður Meistarafélags hársnyrta, segir mikla óvissu blasa við í greininni. „Við erum tekjulaus frá og með morgundeginum,“ segir Jón áhyggjufullur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Íslensk kona lést úr COVID-19

Tímamót urðu er eldri kona lést af völdum COVID-19 í gær og varð fyrsti Íslendingurinn til að látast úr sjúkdómnum. Í gær höfðu 588 verið greindir með smit af kórónaveirunni hér og 51 var sagt vera batnað.

COVID-19 Eldri kona með undirliggjandi sjúkdóm lést í gær af völdum COVID-19. Hún er fyrsti Íslendingurinn sem látist hefur af völdum hinnar skæðu kórónaveiru.

„Ég tjái mig ekki um þetta atvik að svo stöddu,“ sagði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra við Fréttablaðið í gærkvöld, innt eftir viðbrögðum vegna þessara vatnaskila í baráttu Íslendinga við kórónaveiruna og sjúkdóminn COVID-19. Sagði ráðherrann ekki videigandi að hún tjáði sig fyrr en þessar upplýsingar kæmu opinberlega fram.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir vildi heldur ekki tjá sig er fréttablaðið.is leitaði til hans í gær.

Er þetta annað andlát af völdum COVID-19 hérlendis. Fyrir átta dögum lést Ástrali úr sjúkdómnum á Húsavík.

Á miðnætti gekk í gildi hert samkomubann. Er nú óheimilt að fleiri en tuttugu komi saman í einu. Bannið á að gilda næstu þrjár vikur. Þá er nú óheimilt að halda opnum vinnustöðum þar sem mikil nánd er við viðskiptavinum. Á þetta til dæmis við um hárgreiðslustofur, snyrtistofur

» Fleiri en tuttugu mega nú ekki koma saman í einu eftir að hert samkomubann gekk í gildi hérlendis á miðnætti.

og nuddstofur. Þá má nefna að sundlaugum hefur nú verið lokað.

Samkvæmt upplýsingasiðunni covid.is höfðu um hádegisbil í gær verið staðfest 588 smit af kórónaveirunni hérlendis, 51 einstaklingi

hafi batnað og sjö verið útskrifaðir af Landspítalanum

Hægst hefur á sýnatökum því aðeins um tvö þúsund sýnatökupinnar voru í gær eftir í landinu. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sagði á upplýsingafundi að allar klær væru hafðar úti til að ná í fleiri pinna.

Þórólfur sagði að samkvæmt nýjasta reiknilíkani sé útlit fyrir að faraldurinn hámarki hér um miðjan apríl. Sagði sóttvarnalæknir meðaltalsaukningu sjúklinga vera hvað lægsta hér á landi miðað við önnur Evrópuríki. – gar

Íþróttafélögin skuldum vafin


ÍÞRÓTTIR Launakostnaður íþróttafélaganna í Reykjavík hefur vaxið gríðarlega síðan árið 2014.

Þetta er meðal þess sem má sjá í skýrslu sem Reykjavíkurborg lét gera. „Það mun þurfa að taka erfiðar ákvarðanir á næstunni. Það hefði jafnvel þurft óháð þessum aðstæðum sem nú eru uppi,“ segir Pawel Bartosek borgarfulltrúi.

– bb / sjá síðu 12



Pawel Bartosek, borgarfulltrúi.



Sóttkvi og samgöngubann

12 síðna sérblað fylgir blaðinu í dag


Njóttu hækkandi sólar á rúntinum.
Uppáhaldsbíllinn þinn bíður!



HEKLA · Skoðaðu úrvalið á www.hekla.is/vefverslun



Veður



Suðvestlæg átt, 5-13 m/s í dag og éi, en norðaustan 8-13 á Vestfirðum. Úrkomulaust að kalla NAlands og heldur kólnandi veður. Hiti yfirleitt 0 til 5 stig. **SJÁ SÍÐU 16**

Geta fengið áskriftir felldar niður frá 1. apríl

SJÓNVARP Sýn hefur ákveðið að áskrifendur sem vilja geti fengið áskrift sína að Stöð 2 sport fellda niður frá 1. apríl. Áður hafði Síminn kynnt það sama með enska boltann.

„Við höfum metið stöðuna dag frá degi. Í millitíðinni höfum við reynt að koma til móts við viðskiptavinum okkar með því að veita afslætti af öðrum þjónustuleiðum, til dæmis Skemmtipakkanum eða Stöð 2 maraþon,“ segir Lilja Birgisdóttir, samskiptastjóri Sýnar

Hún segir að aðstæðurnar sem hafi skapast fyrir sjónvarpsstöð sem sinnir beinum útsendingum íþrótta viðburða hafi verið afar erfiðar.



Lilja Birgisdóttir, samskiptastjóri Sýnar.

„Á meðan staðan hefur verið metin þá höfum við reynt að halda úti þjónustu, eins og Kórufolta- og Handboltakvöldum auk þess að bjóða upp á endursýninga leikja. Við finnum fyrir því að viðskiptavinir meta þessa viðleitni og viðbrögðin hafa verið jákvæð. Við leggjum áherslu á að koma til móts við óskir okkar viðskiptavina og ef þeir óska eftir því að segja upp áskrift tekur sú uppsögn gildi 1. apríl,“ segir Lilja.

Hún bendir á að Sýn hafi hafið útsendingar á rafíþróttum sem hafi vakið lukku. „Við erum fullkomlega meðvitund um að þetta er ekki sama varan og pöntuð var en finnum fyrir miklum stuðningi frá okkar viðskiptavinum sem átta sig á því að ótrúleg staða er komin upp sem við reynum að leysa. Staða okkar er öðruvísi en Síman sem var bara með enska boltann. Við höfum sýnt frá fjölmörgum íþróttum og deildum og enn ríkir óvissa í sumum þeirra,“ segir Lilja. – bp

Besti vinurinn



Þó úti sé hvasst, kalt og blautt, og voveiflegur heimsfaraldur geisi, er hægt að gleyma stund og stað í göngutúr með besta vininum, eins og sjá mátti á Ægisíðunni í gær. Að ganga með hvutta hefur margvísleg heilsuþætandi áhrif, eykur þol og styrk og minnkar streitu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fyrirtækin fá greiðslufrest

FJÁRMÁL Lánveitendur kynntu í gær allt að sex mánaða greiðslufrest á lánum til fyrirtækja vegna COVID-19 faraldursins. Aðild að samkomulagi þess efnis eiga Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn, Kvika, Lykill, sparisjóðirnir og lífeyrissjóðir.

„Aðilar samkomulagsins telja mikilvægt að lánveitendur veiti fyrirtækjum nauðsynlegt ráðrúm til að takast á við rekstraráskoranir sem við blasa vegna heimsfaraldursins,“ segir í tilkynningu Samtaka fjármálafyrirtækja. Samkomulagið nær til rekstrarfyrirtækja sem selja vöru og þjónustu og uppfylla tiltekin skilyrði sem meðal annars lúta að því að þau þurfa að vera í „heilbrigðum rekstri en verða fyrir tímabundnu tekjufalli sem leiðir til rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins.“ Þá mega þau ekki hafa verið í vanskilum í 60 daga eða lengur í lok febrúar síðastliðinn. – gar

Anna leikskólastjóri sótt heim í sóttkvína

Leikskólastjóri Nóaborgar sem heldur úti vef með námsleikjum og verkefnum fyrir yngstu börnin ákvað að bregðast við ástandinu í samfélaginu. Hún hefur útbúið sérstök verkefni sem börn í sóttkví geta unnið heima hjá sér.

SAMFÉLAG „Ég hugsaði þetta fyrst sem verkefni fyrir krakkana í Nóaborg. Svo var ég hvött til þess að deila þessu á Facebook sem ég gerði. Það þurfa ekki allir að finna upp hjólið og kannski nýttist þetta einhverjum,“ segir Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri á leikskólanum Nóaborg.

Anna Margrét hefur síðustu átta árin haldið úti vefnum paxel123.com en þar er að finna ókeypis námsleiki og verkefni fyrir börn frá fjögurra ára aldri og upp í yngsta stig grunnskóla. Þar sem mörg börn eru nú í sóttkví og dottin úr sinni daglegu rútinu ákvað Anna Margrét að útbúa sérstök verkefni sem þau geta unnið heima hjá sér.

„Þetta er bara áhugamál hjá mér en þetta er mjög skemmtilegt. Ég er nokkuð hugmyndarík og svo skoða ég alls konar efni á netinu og fæ hugmyndir. Svo fæ ég líka hugmyndir frá fólki sem skoðar síðuna mína.“

Á síðunni er að finna efni á níu tungumálum en talmeinafræðingar nota verkefni hennar Önnu Margrétar mikið. Á síðustu dögum hefur orðið sprenging í umferð á síðuna en síðdegis í gær voru flettingar orðnar á þriðja þúsund.

Leikskólinn hefur verið lokadur frá miðri síðustu viku eftir að COVID-19 smit kom upp hjá starfsmanni. Sjálf hefur Anna Margrét verið í sóttkví í rúmar tvær vikur að læknisráði.

„Núna sit ég og er byrjuð að vinna verkefni fyrir krakkana í næstu viku. Ég hef ekki einu sinni horft á heila mynd á Netflix eða borðað snakk síðan ég fór í sóttkví,“ segir hún hlajandi.

Anna Margrét býður þeim börn-



Anna hefur gaman af heimsóknum krakkanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ég hef ekki einu sinni horft á heila mynd á Netflix eða borðað snakk síðan ég fór í sóttkví.

Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri á Nóaborg

um í Nóaborg sem ekki hafa aðgang að prentara að koma til hennar og fá verkefni afhent. Hún passar þó upp á að virða fjarlægðarmörk og afhendir þau af svölunum.

„Það er ótrúlega gaman að hafa fengið fullt af krökkum og foreldrum hingað í svaheimsókn. Ég afhendi þeim poka af svölunum eins og einhver drottning. Krökk-

unum finnst þetta ansi spennandi.“ Öll barnabörn Önnu Margrétar, sem búa á þremur heimilum, eru í sóttkví eins og amman.

„Við reynum að gera alls konar og erum með stundaskrá fyrir þau. Svo fengu tvö þeirra að sofa í tjaldi inni í stofu um daginn. Við getum þó þakkað fyrir að þetta komi upp á tímum tækninnar. Barnabörnin eru öll mjög dugleg að nýta tæknina, bæði til að læra og hitta vinina.“

Sonur Önnu Margrétar sem er fótþolþjálfari og getur því ekki unnið þessa dagana er með mömmu sinni í sóttkvínni.

„Við reynum að gera okkur dagamun og látum senda okkur mat af veitingastað einu sinni, tvisvar í viku. Svo fengum við heimsendan ís í gær. Annars þrjúna ég eða hlusta á Storytel þegar ég er ekki að vinna.“
sighvatur@frettabladid.is

LINDOR
FYRIR SANNA SÆLKERA

Gríðlega þásku
Lindor
Lindor
Lindor

LÁTTU FARA VEL UM ÞIG Á HEIMASKRIFSTOFUNNI



TILBOÐSVERÐ FRÁ:
***69.900 kr.**

Verð áður: 87.375 kr.

*Verð miðast við Stand-Up staðlaða borðplötu

Ventilo skrifborðsstóll

/ HÖNNUÐIR : Roger Webb & David Lancaster

TILBOÐSVERÐ:
56.900 kr.

Verð áður: 79.900 kr.

- Hæðarstilling
- Dýptarstilling setu
- Stillanlegur mjóhryggsstuðningur
- Samhæfð stilling setu og baks, fylgir hreyfingum notandans
- Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd
- Hæðarstillanlegir armar
- Mjúk eða hörð hjól
- Bólstruð seta og netbak
- Gerður fyrir notendur allt að 110 kg



Stand-Up rafhækkjanlegt skrifborð

Rafhækkjanlegt skrifborð með tveimur öflugum hljóðlátum mótörum, minni fyrir þrjá notendur, árekstrarskynjara ásamt áminningu um að standa upp

TILBOÐSVERÐ / BORD Á MYND:
***89.900 kr.**

Verð áður: 115.200 kr.

*Verð miðast við Stand-Up borð með svörtum linoleum dúk á plötu

- Hæðarstilling: 62,5 – 127,5 sm
- Burðarþol: 125kg – 2 hljóðlátir mótorar <50dB
- Áminning um að standa upp
- Minnisstilling fyrir 3 notendur
- Gæðaprófaðar borðplötur með harðplasti í hvítu, eik og beyki eða spónlagðar með eik og beyki
- Lengdir: 120, 140, 160 og 180 sm og breidd 80 sm
- Borðgrind er í svörtu, hvítu og gráu
- Stilliskrúfur undir fótum
- Fáanlegt með búnaði til að stjórna borðinu með appi

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Opið virka daga 8:00–18:00
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Þú getur stólað á gæðin

PENNINN
Húsgögn



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Rannsókn hvað varð kanínunum í Elliðaárdal að bana Meindýraeyðir borgarinnar hirtu rúmlega 50 hræ í Elliðaárdalnum í dag og í gær. Tíu hræ voru send til krufningar til að kanna dánarsök.

2 Tvö börn með kórónaveiruna í Vestmannaeyjum Tvö börn hafa greinst með kórónaveiruna í Vestmannaeyjum en eru ekki mikið lasin. Annað barnanna er tveggja ára, hitt er fimmtán ára.

3 Opnað fyrir umsóknir um bætur vegna skerts starfshlutfalls bráðlega Starfsfólk Vinnu-málastofnunar hefur unnið dag og nótt við að gera umsóknarferlið klárt, að sögn forstjóra Vinnu-málastofnunar.

4 Fastur á flugvelli í Dubai Indverskur maður er fastur á flugvelli í Dubai næstu vikurnar.

5 Fresta arðgreiðslum og gefa leigutökum svigrúm Reginn mun fresta arðgreiðslu upp á 535 milljónir króna vegna aukinnar áhættu í rekstrarumhverfinu.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Stuðningur við stjórnina eykst

STJÓRN MÁL Stuðningur við ríkisstjórnina hækkar um rúm fjórtán prósent milli mánaða samkvæmt könnun sem birt var á vef MMR í gær. Stuðningur við stjórnina mælist nú 52,9 prósent en var 38,8 prósent í síðustu könnun sem gerð var í seinni hluta febrúar.

Sjálfstæðisflokkurinn bætir einn við sig fylgi að einhverju marki og fer úr 21,3 prósentum í 27,4 prósent. Framsóknarflokkurinn bætir lítillega við sig fylgi. Flokkur forsætisráðherra stendur í stað, einn stjórnarflokkanna. Aðrir flokkar tapa lítillega fylgi. Miðflokkurinn tapar mestu fylgi milli mánaða og mælist með 2,6 prósentu lægra fylgi en í síðasta mánuði. – að

Breyttir starfshættir í gistiskýlinu vegna COVID-19

COVID-19 „Þeir sem eiga hvergi heima geta ekki fylgt fyrirmælum um það að halda sig heima,“ segir Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, deildarstjóri hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Nú þegar sett hefur verið á samkomubann í landinu sem miðar við tuttugu manns ásamt fjarlægðartakmörkunum milli manna vegna COVID-19 faraldursins segir Hrafnhildur að mikilvægt sé að huga að þeim hópi sem nýtir sér gisti- og neyðarskýli borgarinnar. Þá segir hún starfshætti hjá borg-

inni breytta vegna faraldursins.

„Þessir menn eru margir í áhættuhópi, sumir eru mjög líkamlega veikir og slappir, þannig að við erum með öðruvísi þjónustu í gistiskýlinu á Lindargötu núna,“ segir Hrafnhildur. Þar er nú opið allan daginn hefur rúmum þar verið fækkað. Þar eru nú sjö menn sem eru í áhættuhópi vegna COVID-19, fjórir þeirra eru með miklar hjúkrunarþarfir. Vanalega nýta um 15-18 manns gistiskýlið á Lindargötu og hefur þeim sem ekki eru í áhættuhópi verið tryggð gisting í neyðar-

Þeir sem eiga hvergi heima geta ekki fylgt fyrirmælum um það að halda sig heima.

Ólöf Ólafsdóttir deildarstjóri

skýlinu sem staðsett er úti á Granda.

Starfsemi neyðarskýlisins gat ekki uppfyllt kröfur um tveggja metra fjarlægð á milli manna svo

húsnæðið við hlið þess hefur verið tekið á leigu. „Þar erum við með allt annan hóp af mönnum og þeir eru ekki í áhættuhópi,“ segir Hrafnhildur og bætir við að ef hertari fjöldatakmörkunir verði settar á þurfi að huga að öðrum leiðum til að veita fólki aðstoð.

„Þá þurfum við kannski að huga að því að opna skóla eða íþróttahús til að tryggja fólki húsnæði. Ég hef líka áhyggjur af konunum sem nýta Konukot, þar eru enn minni möguleikar á nálægðartakmörkunum,“ segir Hrafnhildur. – bðj

Tveir forsetar eru hafðir í vafi

Starfið á Alþingi er með öðru sniði vegna reglna um samskiptafjarlægð. Þingmenn vinna að heiman og fjarfundabúnaður er notaður í nefndum. Greidd verða atkvæði um fjögur frumvörp síðar í vikunni.

STJÓRN MÁL Gert er ráð fyrir að greidd verði atkvæði síðar í þessari viku um þau lagafrumvörp sem mælt var fyrir í gær. Efni þessara frumvarpa eru efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar, fjárukaálög, borgaralegar skyldur starfsmanna opinberra aðila og afturköllun ákvörðunar um sameiningu þriggja sveitarfélaga.

„Vegna þess um hve stóra lagaþálka er að ræða máttum við það svo að það yrði að gefa þingnefndum einhvern tíma fyrir þessi mál og stefnt er að því að greiða atkvæði um þau á fimmtudaginn,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis. Hann segist ekki eiga von á fleiri þingmálum frá ríkisstjórninni í vikunni. „Það væri þá ekki nema ef eitthvað nýtt kæmi upp,“ segir Steingrímur.

Samráð við hagsmunaaðila um þessar lagabreytingar verður í lágmarki þótt öllum sé velkomið að senda nefndum umsagnir eins og áður. Nefndirnar leiti til helstu aðila á þeim málefna sviðum sem frumvörpin taka til og fundað verði með gestum gegnum fjarfundabúnað. Nefndarmenn sjálfir taka einnig í auknum mæli þátt í nefndastarfi gegnum fjarfundabúnað en á þessari stundu er fundað í tveimur fundarherbergjum sem hafa verið stækkuð til að unnt sé að virða fjarlægðarreglur.

Aðspurður segir Steingrímur að samstarf við þingflokka stjórnarandstöðunnar hafi gengið vel. „Það hefur gengið mjög vel og tekið vel í allar óskir.“ Á þetta hafi til dæmis reynt í gær þegar fallist var á ósk um að taka mætti frumvarp dómsmálaráðherra um borgaralegar skyldur opinberra starfsmanna á dagskrá,



Fjárfundabúnaður er notaður í nefndum. Greidd verða atkvæði um fjögur frumvörp síðar í vikunni.

Ég held við höldum okkur við að það verði alltaf geymdir tveir forsetar í góðu skjóli til að lágmarka áhættu á því forsetahópurinn heltist allur úr lestinni í einu

Steingrímur J. Sigfússon forseti Alþingis



þrátt fyrir að of stuttur tími hafi liðið frá framlagningu þess. „Það er ágætt dæmi um að menn eru að hjálpast að.“

Steingrímur segir venju fremur fámenn í þinghúsinu þessa dagana þótt álag sé á þinginu. Þingmenn vinna heiman frá sér eins og mögulegt er.

„Auðvitað væri ágætt að umræður í þingsal væru sem stýstar til að stilla samverunni í hóf, en það er allt innan hóflegra marka meðan það er einn frá hverjum þingflokki að taka þátt,“ segir Steingrímur.

Hann er sjálfur á bakvakt og vinnur heiman frá sér.

Mál sem eru til meðferðar í þinginu

■ Frumvarp fjármálaráðherra um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna faraldursins og frumvarp til fjárukaálaga 2020 vegna þeirra breytinga sem aðgerðirnar og staðan í þjóðfélaginu hafa á fjárlög yfirstandandi árs. Ráðherra sagði í umræðum á þingi í gær að líklega yrði að leggja annað fjárukaálagafrumvarp fram síðar á árinu vegna óvissu á þessari stundu um hver áhrifin verða.

■ Frumvarp dómsmálaráðherra um heimild opinberra aðila til að fela starfsmönnum tímabundið breyttar starfskyldur til þess að sinna verkefnum sem hafa forgang á hættustundu. Kveðið er á um að starfsmennirnir haldi óbreyttum launakjörum við slíkar aðstæður.

■ Frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um breytingar á sveitarstjórnarlögum til að afturkalla ákórðun um sameiningu þriggja sveitarfélaga á Austfjörðum.

„Við erum tveir heima núna að minnsta kosti fyrri part vikunnar og ég held við höldum okkur við að það verði alltaf geymdir tveir forsetar í góðu skjóli til að lágmarka áhættu á því að forsetahópurinn heltist allur úr lestinni í einu,“ segir Steingrímur. adalheidur@frettabladid.is

Fáðu lyfin send frítt heim

Þú hringir í síma 517 5500 eða sendir póst á lyfsalinn@lyfsalinn.is



LYFSALINN

GLÆSIBÆ

OPNUNARTÍMI

Mán.- fös. kl. 08:30-18:00 og lau. kl. 10.00-14.00

LYFSALINN GLÆSIBÆ

Álfheimum 74 104 Reykjavík

Sími 517 5500

www.lyfsalinn.is

lyfsalinn@lyfsalinn.is

Kæru viðskiptavinir!

Til að tryggja öryggi bæði starfsfólks og viðskiptavina hefur verslun IKEA verið lokað tímabundið. Við vitum að heimilið er skjól okkar fyrir amstri umheimsins og það hefur sjaldan eða aldrei átt betur við en núna.

Við hvetjum alla til að fara varlega og hlökkum til að sjá ykkur þegar ástandið er liðið hjá.


Vefverslunin á **IKEA.is** er opin allan sólarhringinn!

Á vefnum má finna nánari upplýsingar um þjónustuleiðir.




Vefverslun

Verslaðu á vefnum þegar þér hentar



Smelltu og sæktu

Verslaðu á vefnum og sæktu vörurnar til okkar
Afhending 11-19 alla daga




Sendingarþjónusta

Við sendum bæði innan- og utanbæjar



Vefspjall

Opið alla daga 11-17




Frí teikniþjónusta

Hönnuðir okkar aðstoða þig við að hanna draumaheimilið




Þjónustuver

Opið 10-18 virka daga og 11-18 um helgar
Sími 520 2500
IKEA@IKEA.is



Teikniforrit

Á IKEA.is finnur þú ýmis teikniforrit sem auðvelda þér að hanna heimilið þitt



Fyrirtækjaþjónusta

Ráðgjöf alla virka daga
sala@IKEA.is

Afgreiðslutími í Smelltu og sæktu er 11-19 alla daga





Landssamband veiðifélaga óttast eldi frjórna laxa í Ísafjarðardjúpi.

Lýsir yfir vonbrigðum

FISKELDI Landssamband veiðifélaga mun leggja harðlega gegn því að leyft verði eldi frjórna norskra laxa í opnum sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá landssambandinu.

Hafrannsóknastofnun hefur kynnt tillögu sína um endurskoðað mat á hættu á erfðablöndun frá laxeldi í sjó.

Segir í tilkynningunni að í tillögunni felist ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og með henni sé ekki verið að horfa til samkomulags sem gert var í samráðsnefnd um stefnumótun í fiskeldi. Þá sé gerð alvarleg athugasemd við að í Ísafjarðardjúpi sé nú skylt að taka tillit til mótvægisáðgerða eldisfyrirtækja. Þess í stað ætti fremur að gera það að skilyrði fyrir eldisleyfi en ekki aðferð við að auka magn frjórna fiska í eldi. Þá sé ekki skylt að horfa til áhrifa laxalúsar eða sjúkdóma á nálæga stofna.

Í niðurlagi tilkynningarinnar segir að verði Ísafjarðardjúpi opnað fyrir eldi frjórna laxa verði það svartur dagur í náttúruvernd hér á landi og ætli Landssamband veiðifélaga að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að það nái fram að ganga. – jþ

240 sagt upp og bréfin hríðfalla

COVID-19 240 starfsmönnum Icelandair verður sagt upp og 92 prósent starfsmanna fara tímabundið á skert starfshlutfall samkvæmt tilkynningu flugfélagsins í gær. Þeir starfsmenn sem áfram starfa lækka um 20 prósent í launum og framkvæmdastjórnar um 25 prósent. Þá mun Bogi Nils Bogason forstjóri og stjórn Icelandair lækka um 30 prósent. Í dag er aðeins flogið um 14 prósent af upphaflegri flugáætlun, vegna COVID-19 faraldursins. Gengi félagsins heldur áfram að falla hratt. Í gær féll hlutabréfa-verðið um alls 22 prósent, langmest allra fyrirtækja í Kauphöllinni. – khg

Heildargjöld hæst á Selfossi en lægst á Hólmavík

BYGGÐAMÁL Heildargjöld fasteigna eru nú hæst á Selfossi en síðustu þrjú ár hafa þau verið hæst í Keflavík. En til heildargjalda teljast fasteignaskattur, lóðarleiga, fráveitugjald, vatnsgjald og sorpgjald. Kemur þetta fram í skýrslu sem Þjóðskrá gerir fyrir Bygðastofnun fyrir árið 2020. Gerður er samanburður 26 þéttbýlisstaða á rúmlega 160 fermetra einbýlishúsi með rúmlega 800 fermetra lóð. Eru gjöldin á Selfossi nú 441 þúsund krónur á ári

» Lægst eru heildargjöldin á Hólmavík, 270 þúsund krónur en mesta hækkunin á Dalvík, 49 þúsund.

en þar á eftir kemur Borgarnes og Keflavík í þriðja.

Lægst eru heildargjöldin á Hólmavík, 270 þúsund krónur en mesta hækkunin á Dalvík, 49 þúsund.

Fasteignaskatturinn sjálfur er hæstur á Ísafirði (um 200 þúsund krónur), fráveitugjöld á Egilsstöðum (um 120 þúsund), vatnsgjald í Neskaupstað (um 80 þúsund) og sorpgjald á Selfossi (um 65 þúsund). Þá er lóðaleiga langsamlega hæst í Keflavík (um 130 þúsund).

Í skýrslunni er einnig metið fasteignamat fyrir umrædda viðmiðunarfasteign. Eins og fyrr er matið langhæst í Suður-Þingholti (um 103 milljónir króna. Þar

á eftir kemur Vesturbærinn í Kópavogi og Grafarholtið í Reykjavík. Hingað til hefur Akureyri ávallt trónað á toppnum fyrir hæsta fasteignamatið á landsbyggðinni, en nú er Akranes hærra með 56 milljónir, rúmri milljón herra en Akureyri.

Af þeim þéttbýlisstöðum sem skoðaðir voru var Bolungarvík með lægsta matið, um 17 milljónir króna. Hækkunin á fasteignamati var mest á Ísafirði, um 23 prósent. – khg

Hætta á að valdboðsöfl hrifsi til sín völdin í neyðarástandi

Ungverjaland, Rússland og Ísrael eru dæmi um lönd þar sem valdboðsöfl eru að herða klærnar í skugga COVID-19 neyðarástandsins. Stjórn málafræðiprófessor segir nauðsynlegt að skilja á milli nauðsynlegra neyðarástafana, sem geti átt rétt á sér, og pólitískra aðgerða þar sem verið er að nýta sér ástandið.

COVID-19 Frumvarp um neyðarlög verða lögð fyrir ungverska þingið í vikunni sem myndu gefa Viktor Orban, forsætisráðherra, einræðisvald. Þrátt fyrir að það ástand sem hefur skapast vegna COVID-19 sé aðeins tímabundið, er tímarammi frumvarpsins það ekki.

Í Rússlandi stendur til að kjósa um stjórnarskrárbreytingar sem engum dylt að séu til þess fallnar að framlengja valdatíð Vladimir Pútín og í Ísrael hefur Benjamin Netanyahu, lokað þinginu og hamlar þar með stjórnarskiptum undir forystu höfuðandstæðings síns, Benny Gantz.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórn málafræði, segir að á tímum sem þessum sé hætt við því að valdboðsöfl geti hrifsað til sín völd, hert þau eða náð sér niðri á andstæðingum. Og óvíst hvenær eða hvort klónni verði sleppt. Hafa verði þó í huga að víða sé nauðsynlegt að virkja neyðarástafanir þar sem farið er fram hjá hefðbundnum lýðræðislegum ferlum og stjórnskipulegu aðhaldi. „Vandinn er að skilja á milli þeirra þátta þar sem er raunveruleg nauðsyn á slíku og þar sem menn eru að nýta sér ástandið,“ segir Eiríkur. „Og það getur verið flókið.“

Frönsk stjórnvöld fengu harða gagnrýni fyrir að leyfa fyrri umferð sveitarstjórnarkosninga að fara fram og seinni umferðinni hefur verið frestað. Þá hefur forvalkosningum í sjó fylkjum Bandaríkjanna einnig verið frestað vegna COVID-19. Litil þolinmæði er fyrir hördum stjórn-



Eiríkur segir mikilvægt að verja lýðræðið á tímum sem þessum, annars sé hætt á að einhverj lönd steypist í harðræði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það hefur verið grafið undan stjórnkerfinu, áliti sérfræðinga og fagmennsku í stjórnun.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórn málafræði

máladeilum og er frekar kallað eftir eintönu boðskap og afgerandi ákvörðunum.

Eiríkur segir ákaflega mikilvægt að vernda lýðræðið á tímum sem

þessum, því annars er hætt á að einhver lönd steypist í harðræði. „Enn er ekkert komið fram sem segir að þetta ástand eigi að þurfa að veiga að lýðræðinu en rétt að vera á varðbergi gagnvart slíkum tilburðum sem gætu komið fram í einhverjum hornum heimsins,“ segir hann.

Eiríkur hefur rannsakað og fylgst vel með pópolískum stjórn mála mönnum og hreyfingum, sem hefur vaxið ásmegin og eru í mörgum löndum komin til valda. „Vissar afleiðingar þessarar þróunar eru að birtast okkur núna í stjórn mála- og stjórnunaróreiðu,“ segir hann

og vísar til stjórnar Trumps í þessu samhengi. „Í Bandaríkjunum skortir nú forystu sem áður hefði verið til staðar en í stað þess situr fólk sem ekki er þjáfað til að takast á við pólitísk og þjóðfélagsleg áföll. Það hefur verið grafið undan stjórnkerfinu, áliti sérfræðinga og fagmennsku í stjórnun.“ Annað land sem Eiríkur nefnir er Ítalía, þar sem popúlismi hefur lengið verið mikill og gæti skýrt hvers vegna stjórn mála menn voru seinir til viðbragða.

Þetta geti þó verið tveggja sverð. „Í aðra röndina minnir svona ástand okkur á mikilvægi faglegrar stjórnsýslu og að ákvarðanir séu byggðar á vísindum,“ segir Eiríkur og vísar til Íslands og flestra ríkja sem búa við frjálst lýðræði. „En að sama skapi getur ástandið valdið því að lukkuriddarar geta misnotað þann ótta sem skiljanlega grípur um sig.“

Hvað Ungverjaland varðar, þá eru valdstjórnartilburðirnir ekki nýir af nálinni heldur hefur stjórnin verið að færast til harðræðis frá 2010, í tíð Orban. „Þetta er enn eitt skrefið í þá átt en mjög ákveðið skref,“ segir Eiríkur og metur það svo að Evrópusambandið, sem gefur sig út fyrir að vera framvörður frjálshynds lýðræðis og mannréttinda, muni neyðast til að takast á við vandamál sem þessi í framtíðinni. Ungverjaland sé þar ekki einsdæmi, og til dæmis Pólland hafi verið að feta sömu slóð. En sambandið hefur átt við mörg önnur vandamál að etja, svo sem fjármálakrísuna, evrukrisuna, flóttamannaþylgju og Brexit.

kristinnhaukur@frettabladid.is

MOTTUMARS

100 kr.
af hverjum seldum
pakka renna til
átaksins Mottumars



ÁTAK GEGN KRABBAMEINUM HJÁ KÖRLUM!



20%

af öllum stillanlegum heilsurúmum

Upphaf nýrra **drauma!**

Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.

Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.

Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

**Tilboðsverð frá
307.608 kr.**

Hjónarúm 2x90x200 cm
Fullt verð frá 384.510 kr





Sýklavörn í Seúl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Færri smit í Suður-Kóreu

SUÐUR-KÓREA Mikil niðursveifla er á fjölda þeirra sem hefur smitast af COVID-19 í Suður-Kóreu. Faraldurinn náði hámarki þar í landi fyrir rúmum fjórum vikum.

Í gær voru 64 ný smit staðfest í Suður-Kóreu. Eru nú tilfelli þar í landi orðin nærri níu þúsund. Þá hafa 111 látist afvöldum COVID-19.

Fjöldi tilfella í Suður-Kóreu er það mesta í Asíu utan Kína. Eru nú bundnar vonir við að staðan batni enn frekar. Heilbrigðisfyrirvöld leggja hins vegar áherslu á að ekki

111

voru látnir úr COVID-19 í Suður-Kóreu í fyrradag. Nærri níu þúsund höfðu verið greindir með smit.

megi sýna neitt andvaraleysi.

Alls eru tekin meira en 20 þúsund sýni í landinu á hverjum degi. Nokkur fjöldi er afstöðum þar sem sýni eru tekin og er mikil samvinna milli opinberra og einkarekinna rannsóknarstofa sem greina sýni.

Stendur nú til að setja upp sérstaka bása á alþjóðaflugvælinum í Seúl til að hægt sé að taka sýni úr ferðamönnum frá Evrópu. – ab

Ástandið versnar vestanhafs

Fjöldi tilfella af COVID-19 faraldurinum í Bandaríkjunum er yfir 35 þúsund, þar af eru 15 þúsund í New York. Bandaríkjaforseti hefur skipað þjóðvarðliðinu að setja upp sjúkraskýli með tvö þúsund rúmum.

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur fyrirskipað þjóðvarðliðinu að flytja lækningavörur og setja upp sjúkraskýli í þeim þremur ríkjum þar sem flest kórónaveirusmitin hafa greinst. Á þjóðvarðliðið að koma upp tvö þúsund sjúkrarúmum í Kaliforníu, þúsund í New York og öðrum þúsund í Washingtonríki.

Alls hafa greinst meira en 35 þúsund tilfelli COVID-19 í Bandaríkjunum, þar af um 15 þúsund í New York ríki, þá hafa hátt í 500 látist af völdum veirunnar.

Frumvarp um að veita 1,4 billjónum dala í neyðaraðstoð var felld í öldungadeild Bandaríkjaþings. Þingmenn Demókrata gagnrýndu það harðlega og sögðu það gagnast helst stórfyrirtækjum en ekki sjúklingum. Eru nú fulltrúar öldungadeildarinnar og Hvíta hússins að funda um framhaldið.

Í síðustu viku var sett á 15 daga samkomubann með það að markmiði að hefta útbreiðsluna. „Ég vil að allir Bandaríkjamenn viti að við erum að gera allt sem við getum á hverjum degi til að mæta og sigra þennan skelfilega ósýnilega óvin,“ sagði Trump við blaðamenn.

Samkvæmt heimildum CNN og fleiri miðla vestanhafs bindur Trump miklar vonir við að hægt verði að létta á samkomubanni strax í næstu viku. Eru nú deilur innan Hvíta hússins um hvernig megi lágmarka skaðann sem faraldurinn veldur efnahagslífinu. Vilja margir samherjar forsetans að allri röskun verði haldið í algjöru lágmarki.

„Við megum ekki láta lækninguna vera verri en sjúkdóminn,“ sagði Trump á Twitter á sunnudagskvöld. Bætti hann við að búið verði að taka ákvörðun um næstu skref innan viku.

Dr. Anthony Fauci, sérfræðingur í sóttvörnum og einn helsti ráðgjafi Trumps í tengslum við COVID-19, hefur verið eindreginn talsmaður



Þjóðvarðliðar taka sýni úr fólki á bílastaði í Miami á Flórída í gær. Í Hvíta húsinu er deilt um leiðir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ef forsetinn bregst ekki við þá mun fólk deyja sem hefði annars lífað.

Bill de Blasio, borgarstjóri New York



samkomubanns. Í samtali við tímaritið Science á sunnudaginn, viðurkendi hann að vera ekki alltaf sammála forsetanum. Aðspurður hvernig hann tækli tilvik þar sem forsetinn fer ekki með rétt mál á

Við megum ekki láta lækninguna vera verri en sjúkdóminn.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna



blaðamannafundum sagði Fauci að hann reyndi að leiðrétta hann.

„Ég get ekki stokkið að hljóðnemnum og ýtt honum í burtu,“ sagði Fauci. „Hann er með sinn stíl. En á atriðum sem skipta máli þá hlustar

hann á það sem ég hef að segja.“

Bill de Blasio, borgarstjóri New York borgar, gagnrýndi stjórnvöld harðlega í viðtali við sjónvarpsstöðina NBC. Sagði hann að það væru aðeins tíu dagar eftir af læknaþingdómum, og ef það bærust ekki öndunarvélar myndi fólk láta lífið.

„Bandaríkjamenn þurfa að vita sannleikann. Þetta er að versna, bæði apríl og maí verða mun verri,“ sagði de Blasio. „Ég get ekki orðað þetta öðruvísi,“ ef forsetinn bregst ekki við þá mun fólk deyja sem hefði annars lífað. Þetta mun verða versta efnahagslægð hér innanlands síðan í kreppunni miklu.“ arib@frettabladid.is



Ársfundi frestað

Ársfundi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sem halda átti í dag, þriðjudaginn 24. mars, er frestað um óákveðinn tíma. Þetta er gert í ljósi gildandi samkomubanns stjórnvalda vegna COVID-19.

Nánari upplýsingar á vef sjóðsins live.is

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

live.is



Hátt í hálf milljón sumarhúsa eru í Noregi og standa nú flest auð. MYND/EPA

Óvíst með bústaðaferðir

NOREGUR Norðmenn eru margir hverjir uggandi yfir því að fá ekki að ferðast upp í sumarbústaði sína um páskana. Í síðustu viku bannaði ríkisstjórnin fólk að dvelja utan sveitarfélags þar sem það er með lögheimili. Er það gert til að verja þá heilbrigðisþjónustu sem er í minni sveitarfélögum með stóra frístundabyggð.

Samkvæmt Hagstofu Noregs eru um 438 þúsund bústaðir, skálar og önnur orlofshús í Noregi. Þeir sem eru gripnir við að dvelja þar utan síns sveitarfélags eiga yfir höfði sér sekt upp á 15 þúsund krónur norskar, eða um 180 þúsund krónur íslenskar.

Hátt í þrjátíu þúsund Norðmenn eru í sóttkví, hefur þeim sem liggja inni á spítala fjölgað hratt. Átta hafa látið lífið.

Fjöldi þeirra sem hafa óskað eftir lögheimilisbreytingu hefur margfaldast síðustu daga. Elin Imsland, yfirmaður skráninga á skattstofu Noregs, segir í samtali við NRK að þeir sem sækja um verði fyrir vonbrigðum þar sem búið er að setja allar slíkar umsóknir á bið.

Sveitarfélög með stóra frístundabyggð taka nú við fjölmörgum beiðnum frá bústaðaeigendum sem vilja að eftirlit verði hert. Bannið sé heimboð til þjófa. Jon Rolf Næs, bæjarstjóri í Bykle þar sem eru um 2.800 sumarhús, segir við NRK að líkt og í fleiri sveitarfélögum hafi verið leitað til öryggisfyrirtækis á svæðinu til að vakta byggðina. „Það er ekki bara öryggi fyrir sumarhúsa-eigendur, heldur einnig fyrir okkur að vita hvar allir eru,“ segir Næs. – ab



Þýskur dómkirkjuprestur stendur frammi fyrir tómri kirkju og undirbýr sig fyrir að streyma kirkjubjónustu í beinni útsendingu. Þýsk yfirvöld hafa gripið til fjölda ráðstafana til að sporna gegn útbreiðslu COVID-19. Samkomubann í Þýskalandi miðar við að ekki séu fleiri en tveir saman á almannaþæri og veitingastaðir mega einunigs bjóða upp á að fólk sæki mat til sín. MYND/GETTY



Kambóískur búddamunkur með andlitsgrímu biður í hofi í höfuðborginni Phnom Penh. Parlandis hafa greinst 84 COVID-19 smit. MYND/EPA



Líkneski titlað „Þetta mun líka líða hjá“ var ætlað Fallas hátíðinni í Valencia, en er dregið til geymslu eftir að hátíðinni var frestað vegna COVID-19 faraldursins. MYND/EPA



Stytta Freddy Mercury í Montreux með andlitsgrímu auk skiltis með áletruninni „Haldið ykkur heima“. MYND/EPA



Hlífðarklæddur verkamaður sótthreinsar hverfi í Sanaa, höfuðborg Jemen, til að sporna gegn frekari útbreiðslu COVID-19 faraldursins. MYND/EPA

Breytt heimsmynd



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Um helgina komu rúmlega fimmtíu kúbverskir lækningar og hjúkrunarfræðingar til Lombardí-héraðs á Ítalíu sem hefur orðið hvað verst úti í COVID-19 faraldrinum. Þar munu þeir aðstoða heimamenn í baráttunni við hina illvígu kórónaveiru sem þegar hefur kostað rúmlega sex þúsund mannslíf í landinu.

Fréttir eins og þessi heyrast því miður sjaldan þessa dagana þegar viðbrögð flestra ríkja hafa verið að hugsa fyrst og fremst um eigin hagsmuni. Raunar er það engin nýlunda að Kúba sendi heilbrigðisstarfsfólk sitt um heiminn þegar á þarf að halda. Allt frá byltingunni 1959 hefur landið aðstoðað fátækari ríki heims með þessum hætti. Heilbrigðisstarfsfólk frá Kúbu hefur nú líka verið sent til Venesúela, Nikaragva, Jamaíka, Súrínam og Grenada vegna útbreiðslu COVID-19.

Heimsmynd okkar hefur svo sannarlega breyst mikið undanfarnar vikur og sér enn ekki fyrir endann á því. Sjálfsgöðir hlutir eins og ferðafrelsi og landamærasamstarf hafa þurft að víkja tímabundið vegna ástandsins. Draumur Johns Lennon um heim án landamæra virðist órafjarri.

Ljóst er að áhrifin verða einnig gríðarleg á heimshagkerfið og alþjóðavíðskipti. Á tímum popúlisma og þjóðarleiðtoga sem ala á ótta og sundrunu höfum við enga vissu fyrir því að sá heimur sem blasir við okkur þegar þetta allt verður yfirstaðið verði sá sem við áður þekktum.

Mikilvægi alþjóðasamvinnu er aldrei meira en á krísutímum. Ekkert ríki getur eitt og sér leyst úr öllum áskorunum sem fylgja þessu ástandi. Nú reynir á lykilstofnanir alþjóðasamfélagsins að stuðla að því að tekist verði á við faraldurinn og eftirköst hans á eins samræmdan og skynsamlegan hátt og mögulegt er.

Þegar horft er upp á hvernig veiran hefur nú þegar leikið þróuð samfélög og innviði þeirra er varla hægt að hugsa til enda hvernig vanþróaðri ríkjum heims mun farnast. Svæði sem hafa þurft að þola stríðsátök og þær skelfingar sem þeim fylgja eru sérstaklega viðkvæm. Vonandi verður tekið vel í hvatningu Antóníu Guterres, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, um alheimsvopnahlé sem hann flutti í ávarpi í gær. „Veiran kærir sig kollótta um þjóðerni, kynþátt, flokk eða trú. Hún ræðst án afláts jafnt á alla,“ sagði Guterres sem benti á að þeir sem síst skyldi verði harðast úti.


Líkt og í efnahagskrísunni 2008 hefur COVID-19 minnt okkur á hve samvinnuátt en jafnframt viðkvæmt alþjóðakerfi við búum við. Tíminn einn mun leiða í ljós hver áhrifin verða bæði til skemmri og lengri tíma og hvaða lærdóma við munum draga af þessu.



Á tímum popúlisma og þjóðarleiðtoga sem ala á ótta og sundrunu höfum við enga vissu fyrir því að sá heimur sem blasir við okkur þegar þetta allt verður yfirstaðið verði sá sem við áður þekktum.

Halldór

LÍFIÐ Á TÍMUM VEIRUNNAR



Frá degi til dags

Skilur þetta ekki Sjálf- og ósjálfskipuð sóttkvi landsmanna er varla orðin nema einn fimmtí af því sem koma skal en strax ber þess merki að fólk sé farið að bilast af því að hanga heima. „Nú laga ég skjátíma barnanna“ er orðið jafn merkingarlaus og „báknið burt“. Má segja að heimili skiptist í minnst tvo hópa, með brjáludum krakkaorðum og án. Í netheimum hafa þegar átt sér stað orðaskipti milli barnafólks og barnlausra um hver hafi það meira skitt heima fyrir. Sú umræða endar alltaf með „þú bara skilur þetta ekki!“. Sá barnlaus snýr sér svo aftur að rauðvíninu á meðan foreldrið reynir að verja gardínurnar fyrir afkvæminu sem tókst einhvern veginn að ná í skærin.

Kallað í dýralækna Fjölgað hefur í þeim hópi sem óskað er eftir að fari í bakvarðarsveitina sem á að tryggja að ekki fari allt fjandans næstu tvo mánuði eða svo. Fyrir utan lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og fleiri er nú óskað eftir að dýralækningar gefi sig fram. Má gera ráð fyrir að frægustu dýralækningar Íslands, þeir Sigurður Ingi Jóhannsson og Árni Mathiesen, bjóði fram krafta sína. Mögulega vegamálastjóri líka. Það er svo alltaf spurning hversu sáttir þeir verða með að vinna samkvæmt kjarasamningi.

arib@frettabladid.is

Ferðumst á morgun



Árni Freyr Magnússon verkefnastjóri hjá íslenska ferðaklasanum

Á síðustu dögum og vikum hefur Ferðamálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNWTO) stóraukið samstarf sitt við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina vegna útbreiðslu COVID-19 faraldursins. Það er engum blöðum um það að fletta að faraldurinn leggst einna harðast á ferðaþjónustu af þeim atvinnuvegum sem haldið er úti um allan heim. Lífsviðurværi milljóna manna er nú ógnað alls staðar í heiminum. Fjöldi litilla og meðalstórra fyrirtækja standa frammi fyrir miklum vanda en Ferðamálastofnunin áætlað að þau standi fyrir um 80 prósentum af ferðaþjónustunni.

Vandamál ferðaþjónustunnar er ekki sér íslenskt heldur alheims vandamál. Mikilvægt er hins vegar að missa ekki sjónar á því að faraldurinn er einungis tímabundinn og að sem flestir komi að enduruppbyggingu ferðaþjónustunnar að honum loknum. Endurreisnin er ekki einkamál hvers lands eða svæðis fyrir sig. Ferðamálastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur því sett fram slagorðið „heima í dag – ferðumst á morgun“ þar sem fólk er hvatt til að axla ábyrgð og halda kyrru fyrir og forðast samneyti við annað fólk eins og er, en ferðast að faraldurinum loknum. Ferðamálastofnun SP hvetur því fólk til að vera heima og sleppa öllum ónaðsynlegum ferðalögum. Þetta sýnir að ferðaþjónustan ber heilsu og hag ferðamanna fyrst og fremst fyrir brjósti.

Velgengni ráðstafana ríkisins gegn veirunni veltur á því hversu vel Íslendingar fylgja og hlýða tilmælum sóttvarnalæknis og annarra stofnana. Það er hagar ferðaþjónustunnar að hér takist vel til og allir aðilar í ferðaþjónustu sýni þá samfélagslegu ábyrgð sem stjórnvöld kalla eftir svo skilaboð okkar til alheimsins séu að hér séu heilbrigðismál, öryggi gesta og íbúa í algjörum forgrunni. Þess vegna viljum við hjá Íslenska ferðaklasanum hvetja alla til að leggja sitt af mörkum og hjálpast að við að hefta útbreiðslu COVID-19 og fara að tilmælum stjórnvalda. Það er fyrsta skrefið í enduruppbyggingu farsællar ferðaþjónustu á Íslandi.



Vandamál ferðaþjónustunnar er ekki sér íslenskt heldur alheims vandamál.

Ný tvöföld virkni sem veitir hraða og langvarandi vörn gegn tannkuli.

TVÖFÖLD VIRKNI

FYLLIR
LOKAR
VERNDAR

STYRKIR

GUM SensiVital+

GUM SensiVital+

Vísindin eru forréttindi nútímans



Helgi Hrafn Gunnarsson
Þingmaður
Pírata

Það eru mikil forréttindi að búa í vísindalega þenkjandi samfélagi.

Samfélagi sem rígheldur ekki í löngu afsannaðar kreddur um hvernig heimurinn virkar, heldur þar sem vísindalegri þekkingu er fagnað og hún er nýtt til þess að bæta líf okkar allra. Þar sem konur og hinsegin fólk njóta frelsis og jafnréttis fyrir lögum, þrátt fyrir yfirnáttúruleg orð í rosa-

lega merkilegri bók. Samfélagi þar sem vald er ákvarðað lýðræðislega út frá sameiginlegum grunngildum án tillits til trúarskoðana, frekar en með arfgengu einræðisvaldi í nafni Guðs.

Þar sem sannleiksleitinn grundvallast á rökstuðningi með vísan til rengjanlegra kenninga sem standa og falla í samkeppni við hvora aðra út frá siendurteknum prófraunum á getu þeirra til að lýsa staðreyndunum eins og þær blasa við hverju sinni.

Nú er „pólitískt rangt“ fyrir stjórnálmenn að tala um trúarbrögð nema til að sýna aðdáun sína á vinsælustu trúarkennningunum hverju sinni. Skiljanlega, þar sem trú er mörgu fólk mjög persónuleg og því vill það væntanlega almennt hafa trúarlíf sitt í friði fyrir pólitík- usum og þeirra alræmdu leiðindum.

Fólk vill eðlilega geta aðskilið þetta tvennt algjörlega, enda í rauninni flestum augljóst hversu galið það væri að stjórna landi út frá kenni- setningum trúarbragða, hvort sem þau væru kristin eða eitthvað annað.

En samt þykir alveg eðlilegt og „pólitískt rétt“ að stjórnálmenn skjalli eitt trúfélag á Íslandi, sem er hin evangelíska lútherska kirkja, kölluð „þjóðkirkjan“. Þá þykir jafn- vel fint að kalla Íslendinga „kristna þjóð“ og fagna því jafnvel sérstak- lega að hér sé meirihlutinn kristinn og að það séu sérstök forréttindi í því fölginn.

Rétt er að það séu forréttindi að búa á Íslandi. En það kemur trúar- sannfæringu meirihlutans á engan hátt við, heldur er vegna þess að við búum í vísindalega þenkjandi lýð-

ræðissamfélagi sem hefur í öllum meginatriðum vaxið upp úr því að taka forneskjulegar hefðir og trúar- kreddur svo alvarlega að þær skemmi jafn mikið fyrir og þær gerðu í gamla daga.

Þegar byltingar hafa orðið í átt til lýðræðis eða aukinna mannréttinda hafa þær frekar verið beinlínis lagðar til höfuðs ráðandi trúarkenniseit- ningum heldur en fyrir tilstilli þeirra. Í hvert einasta sinn sem vísindin hafa uppgötvað eitthvað á skjön við trúar- kreddur samtímans, hefur beinlínis verið haldið aftur af vísindunum á trúarlegum grundvelli, yfirleitt af nokkurri ástíðu.

Nú er í góðu lagi að meirihluti Íslendinga sé kristinn og engum ber skylda til að haga trúarsannfæringu sinni eftir vísindalegri aðferð. Auð-

vitað má fólk trú á því sem því sýnist, og því auðvitað meirihluti Íslendinga líka. Við trúum öll allskonar hlutum sem við getum ekki fært sönnur á.

En höfum bara alveg á hreinu að það voru vísindin sem drógu okkur úr myrkrinu yfir í nútímans. Við ættum að vera þakklát fyrir for- réttindin sem það eru að búa á þessum stað og á þessum tíma, en við skulum ekki falla fyrir róman- tísku menningardaðri pólitíkusa bara vegna þess að það nærir þjóð- ernisegóið. Forréttindin sem við búum við í dag eru engum íslensk- um hefðum að þakka og engum trúarmeirihluta, heldur auðmjúkra þekkingarleit og þrotlausri baráttu fólks sem jafnvel þoldi ofsóknir fyrir hugrekkið, og síðar forréttindin, til að efast.

Verðmæt velferð



Heiða Björg Hilmisdóttir
varafor-
maður Sam-
fylkingarinnar
og formaður
velferðarráðs
Reykjavíkur

Þrátt fyrir samkomubann og stöðug skilaboð um að allir sem geta, haldi sig heima er stór hluti samfélagsins enn að störfum. Öll erum við þakklát fyrir almannavarnir og heilbrigðisstarfs- fólk sem er að vinna öllum stundum að því að tryggja öryggi okkar, en starfsstéttirnar eru fleiri sem mæðir á. Þar má nefna starfsfólk skóla, fólk í framlinustörfum eins og verslun, þjónustu og ræstingum

og fólk sem starfar í velferðarþjón- ustu við umönnun, stuðning og ráð- gjöf. Þessi störf halda samfélaginu gangandi og sýna nú sem aldrei fyrr mikilvægi sitt. Í dag eru þetta verð- mætustu störf samfélagsins.

Nýjar leiðir í Reykjavík

Í Reykjavík hefur öll velferðar- þjónusta verið stokkuð upp til að tryggja sóttvarnir en á sama tíma eins og kostur er órofna þjónusta. Mörgu getum við sinnt í gegnum netið eða símann en ekki því sem krefst mannlegrar nærveru eða umönnunar. Öll þurfum við að halda áfram að fara í það, fá til okkar mat og vera í einhverri virkni og samtali við umheiminn og sum okkar þurfa aðstoð til þess. Sú þörf minnkar ekki þó ógn steðji að nema síður sé.

Órofin þjónusta

Fólk sem starfar í heimahjúkrun, heimaþjónustu, á hjúkrunarheim- ilum, sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fatlaða eða stuðningi við fatlað fólk á heimilum sínum sinnir áfram sínum mikilvægu störfum af kostgæfni. Hluti dag- þjálfunar og skammtímavistunar er áfram opin fyrir þá sem þurfa enda er þjónustan forsenda lífs- gæða. Öðrum er sinnt heima með einstaklingsmiðuðum stuðningi. Okkur er umhugað um að allir sem þurfa eða vilja fái þjónustu, verið er að hringja í alla 80 ára og eldri og þeim sem fá heimsendan mat hefur fjölgað verulega.

Þjónusta fyrir heimilislaust fólk og fólk sem þarf stuðning vegna áfengis- og vímuefnaneyslu hefur verið aukin. Stuðningur félagsráð-

gjafa og Barnaverndar inn á heimili fólks þar sem heimilisofbeldi á sér stað er til taks, því fyrir suma er heimilið því miður, hættulegasti staðurinn.

Stuðningur við barnafjölskyldur

Foreldrar barna sem fá stuðning í skóla eða eru á biðlista eftir stuð- ningi munu á næstunni fá símtal frá skólalþjónustu með boð um aðstoð umfram það sem skólarnir eru að bjóða. Til að mæta foreldrum og börnum, þar sem dregið er úr starf- semi skammtímavistunar fyrir fötluð börn, er lögð áhersla á að starfsmenn fari heim til fjölskyldna og að börn og unglingar fái þjónustu í skammtímavistuninni í smærri hópum. Það er þó þannig að álag á fjölskyldur eykst á svona tímum og sérstaklega álag á fjölskyldur barna

sem þurfa mikla umönnun, það þurfum við sem samfélag að vera meðvituð um. Barnavernd starfar áfram og í samvinnu við skólana viljum við styðja við fjölskyldur borgarinnar í gegnum þetta tímabil með forvörnum og þjónustu.

Velferð forsenda

verðmætasköpunar
Mörg þessi mikilvægu velferðar- störf eru okkur hulin dag frá degi, en á þessum tímum held ég það sé gott að við minnumst þeirra með því þakklæti sem þau eiga svo sannarlega skilið. Velferðarþjón- usta er forsenda góðs samfélags og verðmætasköpunar og þess vegna munum við í Reykjavík leggja okkur öll fram um að veita áfram góða velferðarþjónustu, ekki bara á neyðartímum.

Lokanir á móttökustöðum vegna COVID-19

Lokum tímabundið eftirfarandi móttökustöðum okkar vegna smithættu.

Þeir staðir eru **Akranes, Vestmannaeyjar, Djúpavogur, Raufarhöfn, Stykkishólmur, Bakkafjörður, Grundarfjörður, Hvammstangi, Kópasker og Borðeyri.**

Við uppfærum þennan lista reglulega á heimasíðu okkar, Endurvinnslan.is

Ákveðið hefur verið að minnka opnun gjaldkera í Knarrarvogi frá **12:30 – 15:00.**

Vinsamlegast notið því ávallt kort í greiðslukortavélar okkar.

Virðum tveggja metra reglu og vinsamlegast athugið að hámarksfjöldi er inn á móttökustöðvar.

 **Flöskumóttaka**
Endurvinnslan

Joe Cole gefur milljónir

FÓTBOLTI Joe Cole, sem lék með West Ham, Chelsea og Liverpool meðal annars, hefur gefið 25 þúsund pund, eða um fjórar milljónir króna, í góðgerðarmál sem styðja við bakið á heilbrigðisfólki á þessum erfiðu tímum. Cole bætist þar við lista af mörgum íþróttastjörnum sem hafa látið fé í baráttuna. Sadio Mane hjá Liverpool, Roman Abramovich, eigandi Chelsea, og þá hafa leikmenn FC Bayern látið sig vírusinn varða með rausnarlegum gjöfum. Cole sagði við breska blaðið Independent að allir sem vettlingi gætu valdið ættu að gefa fé og nú þyrfti fólk að standa saman. Hetjurnar í heilbrigðiskerfinu þyrftu á öllum þeim peningum sem þær gætu fundið og nýtt í baráttunni. – bb



Valskonur eru komnar með keppnisleyfi í Meistaradeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Uppfylla ekki skilyrði UEFA

FÓTBOLTI KSÍ hefur móttekið athugasemdir frá Club Financial Control Body, sem er sjálfstæður úrskurðaraðili á vegum UEFA, vegna endurskoðunar á leyfiskerfinu.

Mikilvægustu athugasemdirnar beinast að því hvað endurspeglast í reikningum knattspyrnudeilda sem skilað er í leyfiskerfinu og að þessi skil uppfylli ekki fyllilega kröfur UEFA. Drög að svarbréfi voru kynnt fyrir stjórn sambandsins á síðasta stjórnarfundum.

Stjórn KSÍ samþykkti á sama stjórnarfundum að skipa vinnuhóp með fulltrúum KSÍ, ÍTF, Leikmannasamtökunum, KÞÍ, og fulltrúa félaga í neðri deildum, sem á að rýna í fjármál félaga í kjölfar kórónaveirunnar. Í fundargerð sambandsins segir að miklir óvissutímar séu fram undan, þar sem fastur kostnaður helst óbreyttur en allar tekjuforsendur eru brostnar. ÍTF skrifaði stjórn KSÍ bréf í síðustu viku þar sem lýst var yfir áhyggjum af fjármálum. Guðni Bergsson, formaður KSÍ, sagði við fótbolta.net í gær að KSÍ hefði áhyggjur af stöðunni en verið væri að greina vandann með Deloitte. „Við ætlum að skipa vinnuhóp sem á að fara yfir ástandið. Við fengum auðvitað þessi úrræði stjórnvalda á laugadaginn þegar þau voru kynnt og erum að greina hvernig það nýtist okkur. Það er ekki allt orðið klárt þar, hvernig sjóðurinn mun virka fyrir menningar- og íþróttageirann. Við þurfum að fá nánari útfærslu á því og það mun taka einhvern tíma,“ sagði Guðni meðal annars og benti á að starfshópurinn stefndi á að starfa hratt og örugglega.

„Við ætlum að reyna að vinna þetta hratt en vel og vanda til verka. Ég held að það sé mjög mikilvægt að allir séu tilbúnir að leggja sitt af þessu koma. Við reynum að finna sem bestar leiðir og ég er bjartsýnn á að það takist,“ sagði formaðurinn við fótbolta.net. – bb



KR-ingar skulda um 200 milljónir en skuldastaða félagsins er áberandi verst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skulda tvö hundruð milljónir

Í skýrslu Reykjavíkurborgar, Stefnumótun í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030, er dregin upp heldur dökk mynd af skuldastöðu félaga innan borgarinnar. KR skuldar langmest, eða 200 milljónir.


ÍÞRÓTTIR Heildarlaunakostnaður íþróttafélaganna í Reykjavík hefur vaxið gríðarlega síðan árið 2014, eða um helming. Laun og verktakagreiðslur hækkuðu um meira en hálfan milljarð frá 2014-2018. Í fyrra var stuðningur borgarinnar við þátttakendur í íþróttum um 508 milljónir króna en beinn stuðningur við íþróttafélögin, ÍBR og viðburði á vegum ÍBR var um 2,6 milljarðar. KR trónir á toppnum í skuldastöðu félaga í borginni en árið 2018 skuldaði félagið 200 milljónir.

Þetta má sjá í skýrslu sem Reykjavíkurborg lét gera fyrir sig í tilefni af stefnumótun fyrir íþróttafélög í Reykjavík til ársins 2030 og lögð var fyrir borgarráð þann 12. mars.


Skýrslan, sem Pawel Bartoszek veitti forstöðu, sýnir ansi dökka mynd þegar komið er í rekstrarúttekt hverfífélaga borgarinnar fyrir árin 2014-2018. Rekstrarnefurstaða aðalstjórna án afskrifta fastafjármuna, lækkar um 169,4 milljónir milli 2017 og 2018 og rekstrarafkoma flestra félaga versnar. Valur um tæpar 50 milljónir, að mestu vegna viðhalds, Fram um 60 milljónir vegna aukningar á styrkjum til deilda og Fjölnir um 33 milljónir.

Séu einstaka deildir teknar fyrir má sjá að flest ár eru deildir með nokkuð jákvæða útkomu. Knattspyrnudeildir borgarinnar voru með 117 milljón króna jákvæða niðurstöðu en Valsmenn hafa þar mikil áhrif. Hagnaður knattspyrnudeildar Vals var 132 milljónir króna árið 2018, sem skýrist að mikli leyti af styrk frá UEFA styrk upp á 173 milljónir. Ef Valur væri ekki talið með væri niðurstæða knattspyrnudeilda í heild neikvæð um 14,8 milljónir. „Þá sést einnig að rekstur körfuboltadeilda hefur greinilega þyngst allra síðustu ár,“ segir örörétt

Laun og verktakagreiðslur félaga



Skuldir einstaka félaga



í skýrslunni. Körfuknattleiksdeildir borgarinnar skiluðu 12,4 milljónum í mínus en handboltinn græðir á tá og fingri. Árið 2016 var sú tala 51 milljón, ári eftir um 20 milljónir og árið 2018 skiluðu handboltadeildir borgarinnar 37 milljónum í hagnað.

Svakalegur launakostnaður

Þegar skoðuð eru laun og verktakagreiðslur má sjá að Valur hefur spennt bogann ansi hátt árið 2018 og rauf félagið 350 milljón króna

múrinn. Önnur félög komast varla með tærnar þar sem Valsmenn hafa hælana. KR og Fjölnir fara yfir 200 milljón króna markið en önnur lið hafa ekki roð við stórveldinu á Hlíðarenda.

Á þessum árum, 2014-2018, jukust laun og verktakagreiðslur um 51,4 prósent eða um hálfan milljarð. Heildarkostnaður launa- og verktakagreiðslna var um 1,6 milljarðar króna á árinu 2018.

Skuldastaða félaga er mjög mis-

179,4%

var hækkun skulda handboltafélaga í borginni. Hjá knattspyrnudeildum hækka þær um 18,7% en óveruleg lækkun var hjá körfuboltadeildum á tímabilinu 2014-2018.

munandi og jukust skuldir árið 2018. Heildarskuldir hafa aukist um 7,2 milljarða króna á tímabilinu 2014-2018. KR-ingar skulda um 200 milljónir en skuldastaða félagsins er áberandi verst. Fylkismenn hafa verið duglegastir að greiða niður skuldir og Fjölnir rauf 100 milljón króna markið árið 2018.

Í skýrslunni er einnig tekið fram að þegar skuldir félaga eru skoðaðar er ágætt að taka saman hvað er til af veltuffjármunum til að mæta þeim. Veltuffjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtíma kröfur. KR á yfir 150 milljónir í slíku fé en Valsmenn, ÍR-ingar, Framarar og Ármenningar eiga meiri veltuffjármuni en skuldir. Pawel segir að þetta lýsi sums staðar stöðu til að staldra við. „Hvað skal segja – það má sjá að sum félög eru svolítið gíruð í sínum rekstri. Ef við horfum á ástandið núna þá eru hand- og körfubolti að missa úrslitakeppnirnar sem hafa verið stór tekjulind í þeirra rekstri og við erum að fara að sjá snúna stöðu og það mun þurfa að taka erfiðar ákvarðanir á næstunni. Það hefði jafnvel þurft óháð þessum aðstæðum sem nú eru uppi.“

benediktboas@frettabladid.is

HEILSA

FRÍÐJUDAGUR 24. MARS 2020

Heilsa



Pórdís Gunnarsdóttir er teymisstjóri heimaþjónustu hjá Sóltúni Heima og Ásdís Halldórsdóttir, íþróttfræðingur og forstöðumaður Heilsu & vellíðunar hjá heimaþjónustufyrirtækinu Sóltúni Heima. Sérþjálfað starfsfólk kemur á heimili fólks og aðstoðar við æfingar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hreyfing er alltaf mikilvæg – líka á tímum COVID-19

Margir halda sig heima til að forðast margmenni út af kórónaveirunni en allir verða samt að huga að heilsunni og andlegri vellíðan, ekki síst eldri borgarar. Hreyfing er lykilatriði og sérstaklega styrktarþjálfun nú sem áður. ➔

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



Þórdís og Ásdís segja að hreyfing sé mikilvæg hjá eldra fólki, ekki síður nú en áður. Við megum ekki gleyma að sinna okkar líkamlegu og andlegu þörfum og athöfnum daglegs lífs.

Framhald af forsiðu →

Hvað mælið þið með að eldri borgarar geri heima á meðan þetta ástand varir? Ásdís Halldórsdóttir, íþróttafraeðingur og forstöðumaður Heilsu & vellíðunar hjá heimaþjónustufyrirtækinu Sóltúni Heima svarar. „Það skiptir öllu máli að halda virkninni og líkamlegri heilsu, ekki síst á þessum tímum þegar við höldum okkur meira heima af ótta við smit. Ef við hægjum of mikið á okkur, þá aukast líkurnar á því að við þurfum aðstoð eða meiri aðstoð við athafnir daglegs lífs. Það sem gerist er að vöðvarnir rýrna með árunum og ef þeir eru í minni virkni eins og getur gerst nú á tímum COVID-19 þá verðum við slappari og orkuminni. Við viljum ekki koma verr út úr þessu tímabili en við förum inn í það. Því hraustari sem við erum, þeim mun betur getum við barist gegn sýkingum almennt séð. Hreyfing er lykilatriði og sérstaklega styrktarþjálfun.“

Ganga er góð en ekki nóg

„Ganga er góð en ekki nóg,“ segir Ásdís. „Við mælum með göngu-túrum sem eru hressandi fyrir alla, ekki síst andann á þessum tímum, náttúran og súrefnið nærir okkur, auk þess er mjög gott að gefa sér tíma í slökun, stunda djúþöndun og hugleiðslu í nokkrar mínútur á dag til að draga úr stressi og ótta og auka vellíðan. Við höfum verið að bjóða upp á æfingar heim til fólks, leiðbeint við styrktarþjálfun með einstöku styrktarþjálfunarkerfi sem kemur frá Danmörku og er notað víða þar. Það sem er einstakt við þetta styrktarþjálfunarkerfi,

Í heimahreyfingunni hjá Sóltúni Heima sér sérhæfður heimaþjónustustarfsmaður um að leiðbeina og er með æfingakerfið myndrænt á spjalddölvu sem hann hefur meðferðis.

Ásdís Halldórsdóttir

sem heitir DigiRehab, er að hver og einn fær sérsníðið æfingaprógramm. Í fyrstu heimsókn er færniþrófar sem einstaklingurinn er látinn gera ákveðnar æfingar og svara spurningum um athafnir daglegs lífs. Ut úr því prófi kemur úrval æfinga sem miða að því að styrkja veikleika þess aldrada. Svo mættum við tvisvar í viku og mælt er með því frá framleiðanda kerfisins að fá heima-hreyfingu í að minnsta kosti þrjú mánuði en margir hætta hreinlega ekki því þeir finna mikinn mun á styrkleika og bættu jafnvægi og eru hjá okkur í marga mánuði og sumir hafa verið hjá okkur upp undir þrjú ár.“

Hreyfingarleysi er líka hættulegt

Hvers konar hreyfingu teljið þið vera mikilvægust fyrir eldri borgara? „Við erum með heilsuhópa fyrir „unga fólkið okkar“, Kraftajötta, Kjarnakonur og

Vatnaliljur sem eru annars vegar styrktarþjálfun í tækjalá ÍFR og hins vegar vatnsleikfimi í innlauginni í hjúkunarheimilinu Mörkinni. Þessir hópar eru komnir í hlé vegna lokana á íþróttamannvirkjum en við tökum upp þráðinn þegar ástandið batnar,“ segir Ásdís. „Okkur finnst samt ekki síður mikilvægt að þeir sem komast ekki út af heimilinu vegna veikinda eða hrumleika, að þeir sitji ekki eftir og „koðni niður“. Vöðvarýrningur ásamt veikindum og beinbrotum geta leitt til aukinnar þarfar á heimaþjónustu og heima-hjúkrun og það ætti fólk að forðast með því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þá hentar heimahreyfingin með DigiRehab æfingakerfinu virkilega vel. Næstu vikur þarf að gera tímabundið hlé á heima-hreyfingunni út af takmörkunum almannaavarna en svo tökum við upp þráðinn og hvetjum aldrada, sérstaklega þá, að byrja af krafti, það er aldrei of seint að byrja.“

Ásdís segir marga þekkja það að vera miklu duglegri að hreyfa sig ef einhver er með máni og leiðbeinir við æfingarnar, heimahreyfingin tryggir að fólk sé að gera æfingarnar rétt. Í heimahreyfingunni hjá Sóltúni Heima sér sérhæfður heimaþjónustustarfsmaður um að leiðbeina og er með æfingakerfið myndrænt á spjalddölvu sem hann hefur meðferðis.

Heimahreyfing til valdra Kópavogsbúa

Ásdís segir frá því að Sóltún Heima var að hefja samstarf við Kópavogsbæ en þar var að einhver er með máni og leiðbeinir við æfingarnar, heimahreyfingin tryggir að fólk sé að gera æfingarnar rétt. Í heimahreyfingunni hjá Sóltúni Heima sér sérhæfður heimaþjónustustarfsmaður um að leiðbeina og er með æfingakerfið myndrænt á spjalddölvu sem hann hefur meðferðis.

mánuði. „Yfir 20 dönsk sveitarfélög hafa tekið þetta kerfi upp og markmiðið getur verið að seinka frekari þörf á heimaþjónustu sem getur leitt til sparnaðar eða sem líð í lýðheilsustefnu sveitarfélags. Við erum mjög stolt af samstarfinu við Kópavogsbæ en bæði starfsfólk heimaþjónustunnar og skjólstaðingar eru spenntir fyrir þessari viðbót við þjónustuna.“

„Svo setjum við núna reglulega heimaæfingar á fésbókarsíðuna okkar, Sóltún Heima, sem allir geta nýtt sér og við höfum fengið mjög góðar viðtökur við. Æfingarnar henta öllum en sérstaklega eldri borgurum og eiga fullt erindi einmitt til núna þegar fólk heldur sig mikið til inna dyra,“ segir Ásdís en hún er íþróttafraeðingur og hefur margra ára reynslu í þjálfun eldri borgara.

Við getum létt undir á heimilinu

Þórdís Gunnarsdóttir er teymisstjóri heimaþjónustu hjá Sóltúni Heima. Hvað stendur eldri borgurum til boða, sem ef til vill vilja halda sig heima en vantar aðstoð inn á heimilið? „Við getum komið inn með félagslegt innlit, aðstoðað við lyfjagjafir, heima-hjúkrun, farið í verslun fyrir fólk eða aðstoðað þau við að kaupa inn á netinu, einnig getum við hjálpað þeim að komast í samband við ættingja í snjalltækjum. Næstu vikur er okkur heimilt að veita heimaþjónustu sem flokkast undir athafnir daglegs lífs og ekki er hægt að lifa án. En þegar takmörkunum verður aflétt, þá getum við fylgt fólki út að ganga og einnig leiðbeint við styrktarþjálfunina, sem er afar mikilvægt,“ svarar Þórdís. „Það er vinsælt að tvinna saman heima-

Reynslusaga frá notanda DigiRehab heimahreyfingar:

Guðrún Ósk Sigurðardóttir, 83 ára, segir að heimahreyfingin hafa styrkt sig og er hún öruggari til gangs, að fara ofan í baðkar og það sé mun auðveldara að standa upp úr stól. Hún hefur miklu meiri ánægju af lífinu eftir að hún byrjaði í heimahreyfingunni hjá Sóltúni Heima.

hreyfingu, aðstoð við böðun og kaffispjall,“ bætir hún við.

Nú hafa margir áhyggjur af COVID-19 smiti, hvernig getið þið komið í veg fyrir smit inn á heimilið? „Við leggjum mikla áherslu á sóttvarnir þegar við komum inn á heimili fólks og fylgjum öllum reglum. Þvöum hendur, sprittum og notum hanska eða grímur ef ástæða þykir til og höldum fjarlægð eins mikið og hægt er,“ segir Þórdís. „Það verður aldrei alveg hægt að koma 100% í veg fyrir smit á COVID-19 en við gerum allt sem við getum til að draga úr áhættunni. Með því að aldradir haldi sig heima, þá draga þeir úr líkum að smitast en við megum ekki gleyma að sinna okkar líkamlegu og andlegu þörfum og athöfnum daglegs lífs. Sumir geta heldur ekki búið einir án aðstoðar, eiga kannski engan að og þar getum við komið inn,“ heldur Þórdís áfram.

Meiri upplýsingar um þjónustu fyrirtækisins má finna á www.soltunheima.is eða í síma 563 1400.



Therese Vadum tekur sögulegar ljósmyndir af fólki í sóttkví séð í gegnum glugga. MYNDIR/THERESE VADUM




Therese og viðfangsefnið horfa á hvort annað í smástund og svo er hún farin en augnablikið er geymt.



Þegar Therese tekur myndirnar hefur hún í huga að þó við ráðum ekki við þessar sérstöku aðstæður þá er hægt að gera þær betri saman.



Therese fangar einstakt augnablik sem er oft tilfinningaprungið enda fólkið oft mjög eingangrað.



Therese deilir augnabliki með fólkinu en ekki andrúmslofti.

Fangar tilfinningaprungin augnablik fólks í sóttkví

Hin danska Therese Vadum lauk námi frá Ljósmyndaskólanum fyrir tveimur árum. Undanfarna daga hefur hún myndað fólk í sóttkví gegnum glugga í heimaborg sinni Árósum á Jótlandi.

Heilbrigði heim að dyrum



www.lysi-life.is



Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Therese er vön því að taka heimildarljósmyndir af fólki. Á meðan hún var í námi í Reykjavík tók hún myndir af fjölskyldum og vinum í Danmörku í hvert sinn sem hún fór heim í frí, oftast úr fjarlægð bak við gler, silki eða annað efni. Hugmyndin af því að taka myndir af fólki í sóttkví lá því frekar beint við.

„Ég á ítalska vinkonu sem er í sóttkví, en fyrir nokkrum árum tók ég mynd af henni bak við gler. Þessi mynd rifjaðist upp fyrir mér þegar ég talaði við hana um daginn. Mér fannst myndin hafa svo sterka tengingu við kórónavírusinn sem við erum að berjast við í dag. Mér fannst þetta áhugaverð tenging svo ég byrjaði því á að hafa samband við fólk sem ég þekki sem er í sóttkví og tók myndir af því,“ segir Therese um það hvernig hugmyndin fæddist.

Therese sagði svo frá því á

Facebook að hún væri að taka ljósmyndir af fólki í sóttkví og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Hún fékk fljótt yfir 300 skilaboð frá fólki hér og þar í Danmörku sem vildi taka þátt í verkefninu.

„Ég held ég hafi tekið um 70 myndir á tveimur til þremur dögum. Mest í Árósum en líka á svæðinu í kring. Ef það verður ekki algjört útgöngubann sett á í Danmörku langar mig að fara á fleiri staði og taka myndir,“ segir hún.

Horfa á hvort annað í smástund gegnum gluggann

Therese kemur aldrei nálægt viðfangsefni myndanna. Hún sér þau bara í gegnum gluggann. „Það er engin líkamleg náning og við deilum ekki sama andrúmsloftinu. Þetta augnablik sem ég fanga er mjög dramatískt og tilfinningaprungið. Sumir hafa ekki hitt aðra manneskju augliti til auglitis í meira en viku þegar ég kem að glugganum þeirra. Ég stend þar bara í smástund og við horfum aðeins á hvort annað og svo fer ég í burtu,

Sumir hafa ekki hitt aðra manneskju augliti til auglitis í meira en viku þegar ég kem að glugganum þeirra.

mína leið,“ útskýrir Therese.

„Þegar ég tek myndirnar reyni ég að hafa það í huga að við séum saman í þessu. Þó við getum ekki verið á sama stað þá getum við séð hvort annað og við getum haft samskipti. Við getum komist í gegnum þetta tímabil. Þó við komust ekki út úr aðstæðunum þá getum við gert þær betri saman.“

Þegar þessum óvenjulegu tímum lýkur segir Therese að myndirnar geti vonandi nýst sem góð heimild um sögulegt tímabil.

Útgefandi:
Torg ehf

Ábyrgðarmaður:
Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumaður auglýsinga:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,

Veffang:
frettabladid.is



Fáðu lyfin heim að dyrum

Á heimasíðu Lyfju getur þú pantað lyf og við höfum þau tilbúin þegar þú kemur. Einnig er hægt að fá lyfin send heim á helstu þéttbýlisstöðum landsins.

Nánari upplýsingar á lyfja.is



Látum okkur bara hlakka til lengur

Matthildur Sigurjónsdóttir er ein þúsunda unglunga sem þurfa að bíða til haustsins eftir þeim gleðidegi að fermast. Hún náði fermingarferð til New York áður en kórónaveiran hamlaði för.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég var orðin mjög spennt fyrir fermingunni minni en ég er ekki ósátt við að það hafi þurft að fresta henni. Ég hef ekki heldur fundið fyrir því að fermingarsystkin mín séu spæld. Við látum okkur bara hlakka til aðeins lengur og það er betra að halda fermingarveislu þar sem gestirnir geta komið án þess að eiga á hættu að smitast af kórónaveirunni en að bjóða í veislu þar sem fáir komast," segir fermingarsúllkan Matthildur Sigurjónsdóttir.


Hún átti að fermast í Lindakirkju í lok næstu viku, eða laugardaginn 4. apríl, en vegna samkomubanns hefur fermingin færst fram til 5. september.

„Við vorum búin að undirbúa allt fyrir ferminguna og ég var meira að segja búin að fá fermingargjöfina mína frá mömmu og pabba aðeins fyrr," upplýsir Matthildur sem hafði látið sig dreyma um borgarferð til New York í fermingargjöf.

„Við mamma mín og pabbi flugum til New York 13. febrúar og gistum þar í fjórar nætur. Mig langaði að upplifa þessa stórborg



Matthildur í fermingarsamfestingnum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Matthildur með Starbucks-drykk klukkan sex að morgni á Times Square.



Matthildur í fermingarferðinni til New York, nánar tiltekið í Empire States-byggingunni með útsýni yfir Manhattan í baksýn.

PENZIM®

GEL & LOTION

Fer sprittið illa með hendurnar?

PENZIM húðáburður er nærandi, rakagefandi og dregur úr kláða og óþægindum vegna þurrks



Notist 2-3 sinnum á dag eða eftir þörfum. PENZIM er fyrir alla fjölskylduna. Hrein íslensk húðvara sem þú getur treyst.

PENZIM í 20 ár

Inniheldur náttúruleg sjávarensim, trypsín (Penzyme®), engin rotvarnar- eða ilmefti, olíu eða fitu. PENZIM® er einkaleyfisvarin íslensk uppfinning sem byggir á áratuga rannsóknarstarfi.

Fæst í apótekum, Hagkaup, Heimkaup, Fríhöfninni og víðar - www.penzim.is



Fæst í apótekum, Hagkaup, Heimkaup, Fríhöfninni og víðar - www.penzim.is

ZYMETECH

Dreifingaraðili: Vistor hf, Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

og mér fannst ég þekkja hana fyrir fram því maður hefur séð svo margar hliðar á New York í bíomýndum og sjónvarpsþáttum," segir Matthildur sem fór utan til New York á hárréttum tíma því um miðjan febrúar voru engin viðbrögð orðin við kórónaveirunni vestra.

„Ég var mjög ánægð með ferðina. Það er svo margt spennandi að sjá í New York en skemmtilegast þótti mér að fara upp í Empire States-bygginguna og horfa yfir borgina. Við pabbi áttum svo erfitt með að venjast tímamismuninum og vorum komin út á Times Square klukkan sex um morguninn til að fá okkur morgunmat á Starbucks og sjá borgina vakna," segir Matthildur kát.

Sólbrún í fermingu að hausti
Matthildur hafði safnað síðu hári fyrir fermingargreiðsluna.

„Ég var ákveðin í að láta klippa mig stutt eftir ferminguna, því ég vildi ekki taka áhættu fyrir fermingardaginn ef stutta hárið yrði ekki flott, en þegar fermingunni var frestað fór ég bara í klippingu. Ég er ánægð með stutta hárið en hef líka næstum hálf ár til að láta það vaxa meira niður fyrir ferminguna," segir Matthildur.

Veislan átti að fara fram á veitingastaðnum Verinu í Sjávarklasanum á Granda. Að Matthildi stendur stór frændgarður og hafði hún boðið um 130 gestum í dýrindis humarsúpu.

„Ég hlakka mikið til að eiga skemmtilegan dag með fjölskyldu og vinum eftir að hafa fermst í haust. Mamma og pabbi eru bæði Norðfirðingar og nánast öll fjöl-

„Mér finnst fermingargjafirnar tilheyra sjálfum fermingardegnum í stað þess að fá þær áður sem eins konar sárabætur.

skyldan mín býr í Neskaupstað. Ég er því virkilega spennt að allir séu að koma suður í ferminguna. Mér finnst svo fermingargjafir tilheyra fermingardegnum sjálfum í stað þess að fá þær áður sem eins konar sárabætur af því fermingin frestaðist," segir Matthildur sem hefur notið þess að vera í fermingarfræðslunni og syngur í unglíngakór Lindakirkju.

„Ég hef lært margt í fermingarfræðslunni, eins og um reglur samfélagsins og gott siðferði," segir Matthildur sem er fædd í Vestmannaeyjum en fluttist í Kópavoginn á fjórða árinu og bjó á Englandi í tvö ár þegar faðir hennar, Sigurjón Gísli Jónsson, framkvæmdastjóri Norðanfisks, var þar við störf, en móðir hennar er Þóra Matthildur Þórðardóttir og á Matthildur tvær yngri systur.

„Fermingarfötin eru samfestingur sem litur út eins og svartar buxur og hvítur blúndutoppur. Ég vona að hann passi enn þá á mig í haust og reikna ekki með að vaxa mjög mikið í sumar, ég er orðin svo hávaxin, 173 sentimetrar. Það er líka annar kostur við það að fermast eftir sumarið. Þá er maður orðinn sólbrúnn og sætur, hefur enn meiri tíma til að græja sig og veðrið er oft fallett."

Domino's bregst við breyttu landslagi

Þessa dagana snýr traust viðskiptavina gagnvart matvælafyrirtækjum og veitingastöðum að hreinlæti og matvælaöryggi. Domino's setur öryggi viðskiptavina alltaf í forgang og hefur því hert reglur þar að lútandi.

Birgir Örn Birgisson, forstjóri Domino's á Íslandi, segir að fyrirtækið sé stolt af því að hafa skapað sér sess inni á heimilum þjóðarinnar í gegnum árin. „Við viljum að viðskiptavinir geti alltaf treyst á okkur. Domino's fer alltaf eftir ströngum reglum varðandi hreinlæti og matvælaöryggi en síðastliðnar vikur höfum við sett fullan þunga í þessi mál og hert reglurnar enn frekar,“ segir Birgir.

„Fyrirtæki þurfa að bregðast við breyttu landslagi og það gerum við til dæmis með því að hvetja viðskiptavinum til að nýta sér fyrirframgreiðslur og bjóða upp á snertilausar sendingar. Þannig tryggjum við öryggi bæði viðskiptavina okkar og bílstjóra þegar farið er með sendingar til fólks í sóttkví.“

Snertilausar sendingar fara þannig fram að viðskiptavinur pantar og greiðir í gegnum vef eða app og skrifar „snertilaus sending“ í athugasemd við heimilisfang. Til að gæta sérstaklega að hreinlæti og matvælaöryggi koma bílstjórnarnir með tóman pitsakassa sem settur er undir vörur við dyr viðskiptavina. Bílstjórnarnir biða svo í hæfilegri fjarlægð þar til viðskiptavinur hefur tekið pöntunina inn.

„Við viljum léttu undir með viðskiptavinum okkar á matar-

tímum nú sem áður. Við höfum gríðarlega mikla og góða reynslu af heimsendingum og margir kunna að meta það á þessum tímum. Með appinu, vefnum og þjónustuverinu bjóðum við upp á fjölbreyttar leiðir fyrir viðskiptavinum að ná til okkar. Við leggjum mikið upp úr því að auðvelt sé að eiga við okkur viðskipti, sérstaklega núna.“ segir Birgir. Í stærð fyrirtækisins er styrkur að sögn Birgis en Domino's er með 24 útsöluastaði sem gerir það kleift að koma vörunni hratt og örugglega til viðskiptavina.

Sérstök áhersla á hreinlæti

Kaja Grétarsdóttir matvælafræðingur starfar í fullu starfi hjá Domino's. Hún hefur sett saman nákvæmar viðbragðsáætlanir og ítarlegar leiðbeiningar í samræmi við ráðleggingar Landlæknis sem hafa verið vel kynntar fyrir starfsfólkinu.

„Í ljósi ástandsins í heiminum í dag viljum við að sjálfsögðu leggja okkar af mörkum í að hefta útbreiðslu veirunnar og höfum við því gripið til nokkurra aðgerða vegna þess,“ segir Kaja.

Meðal aðgerðanna er að starfsfólkið vinnur alla daga eftir ströngum ferlum þegar kemur að hreinlæti og matvælaöryggi en allt starfsfólk Domino's þarf að



Birgir Örn Birgisson, forstjóri Domino's, segir fyrirtækið vilja léttu undir með viðskiptavinum á þessum tímum. Fyrirtækið hvetur viðskiptavinum til að nýta sér fyrirframgreiðslur og snertilausar sendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kaja Grétarsdóttir matvælafræðingur og gæðastjóri hjá Domino's segir að fyrirtækið hafi gripið til aðgerða til að hefta útbreiðslu veirunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIG-

„Gerum allt sem hægt er til að koma til móts við viðskiptavinum á þessum fordæmalausu tímum“

kemst í snertingu við eru sótt-hreinsaðir á klukkutíma fresti eða oftar er við á og snertifletir baksvæðis eru sótt-hreinsaðir daglega.“

Vatnskönnur, pappaglós og diskar hafa verið fjarlægð úr afgreiðslunni til að fækka snertiflötum viðskiptavina. „Eins má geta þess að ofnarnir okkar eru 260°C heitir og við höfum fengið staðfest að bakteríur og veirur lifa ekki í slíkum hita. Eftir að pitsurnar okkar og aðrar vörur koma út úr ofninum eru þær aldrei snertar með höndum og þannig hefur það alltaf verið.“ segir Kaja.

Domino's er að auki með mjög gott innra eftirlit þar sem sjö aðilar rekstrardeildar taka út búðirnar með reglubundnum hætti, formlega sem óformlega.

Kaja segir að starfsfólk Domino's haldi að sjálfsögðu áfram að fylgjast grannt með stöðu mála og gera allt sem hægt er að gera til að koma til móts við viðskiptavinum á þessum fordæmalausu tímum.

ljúka viðeigandi námskeiðum, þar á meðal námskeiðum í matvælaöryggi og vörugæðum.

„Við höfum verið að herða á og ítreka reglurnar hjá okkur um persónulegt hreinlæti. Það er nú þegar í verkferlum hjá okkur að starfsfólk þvo hendur eða skipti um hanska milli starfsstöðva en það er skylda fyrir matvælafyrirtæki að fylgja þeim reglum. En við höfum lagt sérstaklega mikla áherslu á það undanfarnar vikur. Það sama á við um bílstjórana okkar sem

þvo og spritta hendur fyrir og eftir sendingar og nota hanska í snertilausum sendingum“ segir Kaja.

Mjög gott innra eftirlit

Auk handþvottar og handsprittunar er mikil áhersla lögð á tíða sótt-hreinsun snertiflata og náði er fylgst með heilsu starfsfólks. „Ef minnsti grunur er um veikindi eru skýrar reglur um að starfsmaður haldi sig heima. Þar er ekkert grátt svæði. Posar, afgreiðsluborð og annað sem viðskiptavinurinn

> 3.000 KR.
HEIMSENDING

EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN 3.000 KR. AF MATSÆÐLI ER HEIMSENDING INNIFALIN Í PÖNTUN

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345

Ekki mikið spurt um Jökulsárlón

Fordæmalausum tímum fylgir mikil óvissa. Nú þegar samkomubann er orðið enn strangara er ljóst að áhrif þess á starfsemi fjölda fyrirtækja eru veruleg og hafa margir þurft að loka tímabundið.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiser@frettabladid.is



ekki lengur að fara út í bjór eins og áður fyrr. Núna þurfum við að loka út af hertum reglum um samkomubann.“

Skilningur og óvissa

Það eru fáir sem fundu jafn fljótt og mikið fyrir samkomubanninu eins og veitingastaðir og barir. Björn segir að gripið hafi verið til ýmissa ráðstafana áður en ákveðið var að loka. „Starfsemi var orðinn frekar hæg. Við vorum búin að draga úr

Björn Árnason, rekstrarstjóri Skúla Craftbar og ljósmyndari, segir atburðarás síðustu vikna hafa haft umtalsverð áhrif á reksturinn. „Þetta hefur auðvitað haft þau áhrif að ferðamannastraumurinn er orðinn enginn og með samkomubanninu er fólk



Björn Árnason, rekstrarstjóri Skúla Craftbar og ljósmyndari, segir samkomubannið hafa haft veruleg áhrif á starfsemi en staðnum hefur nú verið lokað tímabundið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

nicorette
gerðu eitthvað magnað

Prófaðu Nicorette® QuickMist munnholsúðann
Slær á reykingalöngun eftir 30 sekúndur



Fæst án lyfseðils

Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn (inniheldur nikótín) við tóbaksfíkn, dregur úr fráhvarfseinkennum þ.m.t. nikótínþörf þegar reynt er að hætta að reykja. Fyrir 18 ára og eldri. Úðið í munnhol. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. - IS/NIC-Q/2020/03/1

úrvali af bjór á krana, fækkunum sætum inni á staðnum og höfðum gott bil á milli borða. Nú með hertu reglum lokum við staðnum þangað til að reglur samkomubannsins verða ekki eins harðar.“

Það ríkir fullur skilningur á aðgerðum yfirvalda. „Við hins vegar skiljum vel þetta samkomubann og að fólk haldi sig heima fyrir. Það er auðvitað best fyrir alla í þjóðfélaginu og í heiminum að þetta gangi yfir á sem skemmstum tíma og valdi sem minnstu tjóni.“

Óvissan sem þessu fylgir sé þó gríðarleg. „Við erum auðvitað að glíma við það að þurfa að loka staðnum og vitum ekki hvenær má eða sé skynsamlegt að opna aftur. Með lokun erum við náttúrulega ekki með neina innkomu en þurfum að greiða leigu og fleira. Getum ekki veitt starfsfólki vinnu.“

Áhrifin hafa verið umtalsverð. „Þegar samkomubannið var kynnt tók maður eftir verulegri fækkun á fólki í miðbænum sem er eðlilegt í þessu ástandi. Fólk vill ekki vera að stuðla að því að veiran dreifi sér meira en hún gerir nú þegar.“

Áhyggjufullir ferðamenn

Björn segir að greina megi nýjan og raunalegan tón í þeim ferðamönnum sem lagt hafa leið sína á Skúla á undanförunum vikum. „Maður tekur eftir því að þeir ferðamenn sem koma eru áhyggjufullir og greinilega mikið að fylgjast með hvað er að gerast í þeirra heimalandi. Fólk hefur áhyggjur af því hvort eða hvenær það kemst heim. Það er ekki mikið verið að spyrja mann lengur hvort maður hafi séð Jökulsárlón eða hvort maður hafi farið á Akureyri.“

Þá hefur hann einnig orðið var við breyttar neysluvenjur. „Fólk er að passa upp á budduna og er ekki mikið að leyfa sér eins og áður var.“

“Fólk hefur áhyggjur af því hvort eða hvenær það kemst heim. Það er ekki mikið verið að spyrja mann lengur hvort maður hafi séð Jökulsárlón eða hvort maður hafi farið á Akureyri.”

Vonar að þetta fari vel

Hann reynir þó að vera bjartsýnn. „Við náttúrulega vonum að þetta gangi yfir á sem stytstum tíma og að hún valdi sem minnstum skaða. Við vonum að þegar þetta gengur yfir að fólk fari nú aftur að lyfta sér upp og kíkja á bari og veitingastaði borgarinnar. Ég held að flestir munu hafa gott af því eftir þetta ansi erfiða tímabil.“

Björn starfar einnig sem ljósmyndari og eru áhrif faraldursins einnig veruleg í þeim bransa. „Það er auðvitað búin að þrengja alls staðar að í þjóðfélaginu. Maður hefur heyrt að það sé verið að hætta við verkefni hægri vinstri.“

Flestum áskorunum fylgja þó tækifæri. „En nú þegar Skúli er lokaður tímabundið þá hef ég tíma til að vinna í minum eigin ljósmyndaverkefnum sem hafa þurft að sitja á hakanum í allan þann tíma sem liðið er frá því ég tók við rekstrinum síðasta sumar.“

GLEÐIPINNAR X HREYFILL

MATURINN HEIM AÐ DYRUM

Hreyfill færir þér matinn heim að dyrum

Þú hringir í okkur og símgreiðir pöntunina / Við eldum og sendum þér matinn með Hreyfli

Fritt ef pantað er fyrir 6.900 kr. eða meira, annars kostar heimsendingin 1.500kr.

A
AKTU TAKTU

Skúlagötu

Opið: allan sólarhringinn

Sími:

561 0400

X

Stekkjarbakka

Sími:

557 9922

X

Garðarbæ

Sími:

565 8050

X

Fellsmúla

Sími:

533 4100



**Höfðatorgi
Kringlunni**

Sími:

575 7575



American Style

**Skipholt
Dalshrauni**

Sími:

517 1818

pítan

Skipholt

Sími:

562 9090

SAFFRAN

Dalvegi

Sími:

578 7474

**Eld
smíðjan**

Suðurlandsbraut

Sími:

562 3838

BLACKBOX

VIÐ PIZZU

**Borgartúni 26
Mosó**

Sími:

546 0321

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

Opið: **17-21***

Sími:

511 5300

shake&pizza
EGILSHÖLL

Opið: **17-21***

Sími:

517 18 19

*Ath. Opnunartímar geta breyst eftir aðstæðum

GLEÐIPINNAR

STÖNDUM SAMAN & HÖLDUM GLEÐinni

gledipinnar.is

Hápunktur skólaladagins

Í samkomubanninu eru mötuneyti í grunnskólum landsins lokað og brýnt fyrir foreldrum og forráðamönnum að senda börnin með hollt og gott nesti í skólann. Hér gefast hugmyndir að ljúffengum, heilnæmum kosti.


Nestistíminn er hápunktur skólaladagins þegar ekki má lengur valsa um skólann til að hitta sem flesta og leika sér frjálst á skólatímanum. Matur er mannsins megin og ávallt spennandi að taka upp girnilegt og gómsætt nesti til að gæða sér á í nestistímanum. Og jafnvel þótt skólaladagurinn í samkomubanninu sé nú styttri en ella er engu að síður mikilvægt að nostra við gott nesti sem virkjar heilabúið og eflir skrokkinn með næringarríku kosti sem gleður bæði augað og kætir bragðlaukana.



Börnum þykja litrík nestisbox lokkandi og um að gera að leyfa hugmyndafluginu að ráða för og hafa nestið sem fjölbreyttast og úr sem flestum fæðuflokkum. Ávextir og ber eru stútfull af hollum fjörefnum, sem og grænmeti. Gróft brauð með kjötaleggi og osti er kjarn-gott nesti og vatn er auðvitað langbesti drykkurinn. Þá eru hnetur bráðhollar og góðar að stinga upp í sig en hafa ber í huga að sumir skólar eru hnetulausir vegna nemenda sem hafa bráðaofnæmi fyrir hnetum.



Það gefur vafist fyrir fólki að útbúa hollt og gott nesti sem hittir börn í hjartastað og uppfyllir næringarviðmið en hér fyrir neðan eru dæmi um lítrikan, girnilegan kost sem er í senn hollur og góður.



Ekki kvefast í vetur

PreCold® munnúði myndar verndarhjúp í munnholi, dregur úr særindum í hálsi og styttir kveftímann



PreCold dregur úr notkun lyfja sem slá á einkenni kvefs. PreCold myndar verndarhjúp í munnholi og koki sem samanstendur af þorskensími (trypsíni) og glýseróli.

PreCold munnúðinn er auðveldur í notkun og hefur skjóta verun. Hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.

Notkun og skammtar:
2 úðar í munnhol á 2ja tíma fresti.
Byrjaðu að nota PreCold munnúðann um leið og þú finnur fyrir fyrstu einkennum kvefs. Haltu áfram notkun uns einkenni eru horfin.

Fæst í apótekum, Hagkaup, Heimkaup og í Frihöfninni - www.precold.is

ZYMETECH

Dreifingaraðili: Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000



Gúlassúpa er alltaf góð og vinsæl. Og svo er hún saðsóm og geymist vel.

Ungversk gúlassúpa

Hér er uppskrift að mjög góðri gúlassúpu sem hægt er að hita upp aftur og aftur. Þetta er mjög bragðmikil og góð uppskrift en hún miðast við fjóra. Notið gott nautakjöt í súpuna, hún verður þá bara betri.

400 g nautakjöt, skorið í 2x2 cm bita

Smávegis smjör til steikingar

2 laukar, gróft skornir

2 hvítlauksrif

1 dós tómaturpuré, 140 g

2 tsk. paprikuduft

4 kartöflur, skornar í bita

2 rauðar paprikur, skornar niður

½ blaðlaukur, skorinn í bita

1 lítri vatn

2 nautasúputeningar

Salt og pipar

Steikið kjötið í smjörinu og leggið síðan á disk. Steikið lauk og hvítlauk en setjið síðan kjötið aftur í pottinn. Hrærið tómaturpuré saman við ásamt paprikuduftinu.

Bætið við kartöflum, papriku, blaðlauk, vatni og teningunum. Sjóðið upp og lækkið síðan hitann. Látið malla í 30 mínútur, jafnvel lengur. Bragðbætið með salti og pipar.

Ef fólk vill sterkara bragð má bæta við chili-pipar. Gúlassúpa er oft borin fram með góðu brauði.

Það eru til margar tegundir af gúlassúpu og það má alveg bæta gulrótum eða rófum út í súpuna. Það fer bara eftir smekk hvers og eins.

CAMELBAK®



VERTU MEÐ, PINN EIGIN BRÚSA



EDDY KIDS 2.990 KR

EDDY+ 2.990 kr

CHUTE MAG 2.990 kr



EDDY+ STÁL 6.490 kr

HOT CAP 4.990 kr



VERSLUN

FRÍ HEIMSENDING

Við viljum leggja okkar að mörkum og bjóðum nú fría heimsendingu hvert á land sem er af öllum pöntunum í H verslun.
H Verslun opin virka daga frá 12 - 17 [hverslun.is](https://www.hverslun.is) alltaf opin

Púsluspil eykur stærðfræðigáfu

Samkvæmt norskri rannsókn eru börn á grunnskólaaldri mun betri í stærðfræði ef þau hafa lært að púsla ung. Yfir 900 mæður tóku þátt í rannsókninni með tveggja ára börnum sínum.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Rannsóknin beindist að því að kanna getu tveggja ára barna til að púsla. Þau börn sem náðu tókum á erfiðum púslum á þessum aldri þótt það væri með hjálp foreldris höfðu gott vald á erfiðum stærðfræðidæmum fimm árum síðar þegar þau voru komin í sjö ára bekk. Miðað við þessa niðurstöðu ætti að vera upplagt að setjast niður með leikskólabörnum og kenna þeim að púsla. Fyrst auðvelt púsl en síðan þungja jafnt og þétt. Þar með gætirðu eignast stærðfræðisnilling.

Þar sem margir eru heima við um þessar mundir væri gaman að setjast niður með börnunum og púsla. Nægur tími ætti að gefast til þess. Þá er líka staðfest að börn sem eru dugleg að leika með legókubba og raða þeim saman eiga auðveldara með að leysa þrautir en þau börn sem hafa ekki áhuga á slíkum leikföngum. Öll leikföng sem ganga út á að leysa þrautir auka getu barnsins til að skilja rými og lögun hluta. Rýmisskynið er mikilvægt fyrir skilning á stærðfræði, hæð, breidd, dýpt, lengd, vegalengdum og öðrum hlutföllum.



Í verkefninu voru mæður og börn þeirra tekin upp á myndband þar sem þau léku með púsl. Móðirin mátti hjálpa barninu eins mikið og þurfa þótti. Fyrst átti að púsla mynd af bóndabæ en síðan púsl þar sem voru mjög mismunandi form, litir og lögun. Móðirin mátti segja barninu til hvernig púslstykkið átti að snúa en átti að

leyfa barninu að spreyta sig sjálft á verkefninu.

Sömu börn og tóku þátt í verkefninu tveggja ára voru prófuð í stærðfræði í öðrum bekk grunnskólans. Vísindamenn fengu niðurstöður og settu þær í samhengi við hvernig börnunum gekk að púsla. Rannsóknin leiddi í ljós að börn sem fengu hjálp

frá foreldrum við að raða saman púsluspili áttu auðveldara með að leysa stærðfræðiverkefni en önnur börn. Greinilegt er að foreldrar sem eru duglegir að leika með ungum börnum og kenna þeim alls kyns þrautir eru um leið að virkja talsverða færni hjá þeim er varða tilfinningu fyrir rými. Börnin læra snemma hvað

Allt niður í tveggja ára gömul börn geta lært heilmikið um liti, lögun og stærðir með því að púsla.

Öll leikföng sem ganga út á að leysa þrautir auka getu barnsins til að skilja rými og lögun hluta.

er ferhyrningur, hringur eða þríhyrningur. Vísindamenn hvetja foreldra til að gefa sér tíma með börnunum í þroskaleikjum.

Nokkur ráð til foreldra

Farið í geymsluna og finnið gömul púsluspil. Það má nota iPad en það er skemmtilegra að púsla á stofuborðinu. Taktu þátt í púslinu með barninu. Hjálpaðu barninu að skilja form eins og þríhyrning, ferning, hring og þess háttar. Segðu barninu hvað þessi form heita. Styðjið barnið við að leysa verkefnið en láttu það sjálft klára dæmið. Notaðu hluti í nágrenninu til að benda á form og stærðir. Til dæmis hvernig herbergið er í laginu og hversu stórt það er. Einnig er sniðugt að sýna því umferðarmerki. Það lærir þá bæði hvað þau þýða og hvernig formið á þeim er.

Eitthvað fyrir alla á Stöð 2 Maraþon

Það þarf enginn að láta sér leiðast heima því Stöð 2 Maraþon býður mikið úrval góðra þátta og mynda.

Nú sem aldrei fyrr þurfa landsmenn á dægrastyttingu að halda og sækja hana meðal annars í ýmsar efnisveitur.

„Stöð 2 Maraþon er ein slík með yfir 800 kvikmyndir og 400 þáttaraðir en þar af eru tæplega 200 íslenskar þáttaraðir og kvikmyndir og má því með sanni segja að um stærstu efnisveituna með íslenskt efni sé að ræða,“ segir Þóra Björg Clausen, dagskrárstjóri Stöðvar 2.

„Um þessar mundir streymir einmitt inn mikið af eldra efni Stöðvar 2 sem er langt síðan leit síðast dagsins ljós og ættu allir að finna sér þar einhverjar gamlar og góðar perlur við hæfi,“ segir Þóra. „Kvikmyndúrvalið hentar allri fjölskyldunni en auk ýmissa stórmynda má einnig finna á annað hundrad barna- og fjölskyldukvikmynda sem flestir ættu að kannast við. Þættirnir eru ekki afverri endanum en auk alls íslenska efnisins má einnig finna úrval breskra drama- og spennuþátta frá efnisveitunni Cirkus sem og risanum HBO sem framleiðir hvert stórvirkið á fætur öðru.“

Hægt er að tryggja sér vikuáskrift að Stöð 2 Maraþon fyrir einungis 990 kr. þessa dagana sem ætti heldur betur að létta lund fjölskyldunnar. Þess má einnig geta að hægt er að horfa á Stöð 2 Maraþon í gegnum myndlykil Vodafone eða Símans, í gegnum Stöð 2 appið eða í vefviðmóti Stöðvar 2 sjonvarp.stod2.is



Það er alltaf hægt að skemmta sér með þessum fjórum í þáttunum Sex and the City.



Pétur kanína. Á Stöð 2 Maraþon er mikið úrval af alls kyns skemmtilegu barnaefni í boði.



Skoppa og Skritla koma krökkunum alltaf í gott skap.



Chernobyl. Frábærir þættir sem enginn má missa af.

Skapaðu þitt vinnurými heima

Það getur verið krefjandi að sameina vinnu og heimili en það eru nokkur atriði sem gera okkur enn frekar kleift að takast á við þær áskoranir.

Sigrún Ásta Einarsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og þróunarsviðs hjá A4, segir ýmsar áskoranir fylgja því að vinna heima. „Okkur skortir aðstöðu, plássíð er minna og við höfum ekki það sama við höndina og á vinnustaðnum.“

Hún nefnir fjögur atriði sem vert er að hafa í huga þegar vinnan færir inn á heimilið:

1. Vera með vinnusvæði
2. Hafa verkefnalista
3. Skipuleggja vinnudaginn
4. Vera í góðu sambandi

Skilgreint vinnusvæði

Það sem skiptir hvað mestu máli við það að vinna heima er aðstaða. Meðal þess sem A4 býður upp á eru vörur sem hjálpa þér að skapa þitt

eigið vinnurými, þar sem þú getur lagt frá þér vinnuna í loks dags.

„Nú standa margir frammi fyrir því að þeir eru ekki með aðstöðu heima hjá sér en þurfa að vinna heima. Ég er ein af þessum heppnu sem er með skrifstofu en margir þurfa að vinna á eldhúsbörðinu. Hvað tekur við þegar klukkan er orðin fjögur og fjölskyldulífið á að taka við? Þá viltu ekki vera með vinnuna úti um allt heima hjá þér og þá er svo gott að geta tekið dótið til hliðar, sett í bakka og hann fer bara upp í hillu.“

Sigrún hvetur fólk til að viðhalda sinni rúttínu eftir fremsta megni. „Ég er sjálf búin að vera að fara yfir þetta með minnu fólki, þegar það er að vinna heima, að vera með skilgreint vinnusvæði og halda sinni rúttínu, eins og að vakna og klæða sig í fötin sem það myndi vera í vinnunni. Ég mála mig til dæmis áður en ég sest niður, eins og ég sé að fara í vinnuna. Ég sest niður á ákveðnu svæði og þá er ég í vinnunni.“

Gerðu verkefnalista

Þá er áriðandi að hafa góða yfirsýn yfir daginn og mælir Sigrún með því að fólk notist við

Það er gott að ganga frá vinnunni.



Sigrún Ásta Einarsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og þróunarsviðs hjá A4.

verkefnalista. „Ég byrja daginn á að setjast niður með minnisbókina og set niður þann verkefnalista sem ég ætla að vinna yfir daginn. Deildin mín er með stöðufundi í upphafi dags þar sem við setjumst niður og svo aftur í lok dags og förum yfir það hvernig dagurinn gekk, og hvað okkur tókst að gera.“

Skipuleggðu vinnudaginn

Það er gagnlegt að teikna upp daginn svo að tíminn nýtist. „Þegar maður er búinn að setjast niður með minnisbókina, með blað og penna, þá er maður búinn að kortleggja hvað maður ætlar að gera og getur þá frekar farið að raða niður deginum: hvað ætla ég að gera fyrir hádegi og hvað ætla ég að gera eftir hádegi og sjá þetta fyrir sér. Þess vegna erum

við búin að vera að benda fólki og fyrirtækjum á hvaða vörur við erum með sem geta hjálpað þeim og þeirra starfsfólki að vinna heima.“

Vertu vel tengd/ur

Góð og regluleg samskipti við vinnufélagana eru svo afar mikilvæg. „Svo til að halda góðum afköstum þá skiptir auðvitað miklu máli að vera í góðu sambandi. Vera með spjallið opið, alveg eins og þú myndir spyrja vinnufélagann við hliðina á þér og snúa þér að honum, þá geturðu snúið þér að honum á spjallinu. Ég myndi ráðleggja stjórnendum að vera með stöðufundi, sjá framan í fólk og bjóða því góðan daginn, þá er maður enn þá hluti af teymi þó maður sitji ekki við hliðina á þeim.“

Skýr skil milli lífs og vinnu

Sigrún segir áriðandi að hugsa vel um sjálfan sig og aðra á tímum sem þessum. „Við verðum að passa upp á andlega og líkamlega heilsu, á þessum tíma og þessum vikum sem fram undan eru. Ég hef hvatt mitt fólk til að fara í göngutúra og leyft því að ákveða hvort þau vilji gera eitthvað fyrir eða eftir hádegi, fá sér ferskt loft og brjóta upp daginn.“ segir hún.

„Það er ekki öllum gefið að vinna heima hjá sér í lengri tíma og við viljum ekki að heimilið verði vinnustaður allan sólarhringinn. Þegar þú missir þennan verknað, að fara heim eftir vinnu og setjast upp í bílinn til að keyra heim, þá glatarðu þessum mörkum sem skilja að vinnu og einkalíf og það getur verið erfitt að sleppa vinnunni.“

Það geti því reynst mörgum hægara sagt en gert að ljúka vinnudeginum. „Þú stendur upp þegar klukkan er orðin korter yfir fjögur og hvað þá? Stendurðu upp til að undirbúa kvöldmatinn? Þú hefur kannski ekki möguleikann til að setja vinnuna til hliðar. Ýtir dótinu bara til hliðar og kemur fjölskyldunni við matarborðið.“ segir hún.

„Það er þessi áskorun sem svo margir standa frammi fyrir. Margir sem eru ekki komnir með aðstöðu, hafa kannski verið á leiðinni að koma sér upp aðstöðu og þurfa núna að bregðast við. Við erum með allt það litla og stóra sem þarf fyrir heimaskrifstofuna og hvetjum fólk til að skoða úrvalið á A4.is.“

A4+

Skapandi dagar

fjölgum gæðastundum heima við

20%

afsláttur af:

LEIR
PERLUM
LITUM & LITABÓKUM
FÖNDURVÖRUM
MÁLNINGU
& MÖRGU FLEIRU




Handþvottur gegn sjúkdómum er alls ekki ný uppfinning.

Handþvottur bjargaði sængurkonum

Árið 1846 bjargaði ungerski læknirinn Semmelweis fjölda mannlífa með því að hvetja til handþvottar. Hann vann á fæðingardeild á sjúkrahúsi í Vínarborg og hóf að safna ýmsum tölulegum gögnum því hann vildi finna skýringar á því hvers vegna svo margar konur á fæðingar-deildum létu lífið vegna hita.

Semmelweis rannsakaði tvær fæðingardeildir, á annarri þeirra unnu eingöngu lækna- og lækna-nemar. Á hinn störfuðu ljósmæður. Hann taldi dauðsföllin á hvorri deild fyrir sig og komst að því að það dóu fimmfalt fleiri konur á fæðingardeildinni þar sem lækna- og lækna- narnir unnu.

Semmelweis skoðaði þá muninn á þessum tveimur fæðingar-deildum. Eftir að hafa útilokað aðrar breytur komst hann að því að lækna- og lækna- narnir hlytu að bera sjúkdóma á höndunum frá mæðrum sem höfðu dáið til mæðranna sem þeir aðstoðuðu við fæðingu. En lækna- og lækna- narnir meðhöndluðu lík sem höfðu látist úr barnsfararsótt en ljósmæðurnar ekki. Semmelweis skipaði því læknuðum að þvo sér vel um hendurnar með sápu og klór áður en þeir tóku á móti börnum. Við það fækkaði dauðsföllum nýbakaðra mæðra til muna.



Margir óska sér meiri tíma fyrir einkalífið.

Dýrmætasta gjöfin er tími

Tíminn liður hægar hjá þeim sem eru í sóttkví en líta má á tímann sem gjöf til að sinna því sem áður var of tímafrekt. Hér er listi til að sinna í sóttkví:

- Sestu niður yfir stóru púsluspili og krossgátum.
- Skrifðu ljóð og lestu skáldsögur sem þú hefur ekki haft tíma til að ljúka við fyrr.
- Lærðu nýtt tungumál til að vera betur settur þegar þú ferð næst á framandi slóðir.
- Farðu í gegnum fataskápinn til að geyma eða gefa frá þér.
- Bakaðu nýja köku á hverjum degi og horfðu á YouTube til að læra kökuskreytingar.
- Horfðu á Óskarsverðlaunamyndir.
- Prófaðu að mála eins og eina mynd sem þú gætir hugsað þér að hengja upp heima.
- Settu þér ný markmið fyrir lífið eftir sóttkvina.
- Skrifðu lista yfir allt sem þér er kært í lífinu.
- Dekraðu við útlitið. Settu djúpnæringu í hárið, maska á andlitið, ilmandi krem á kroppinn.
- Sofðu lengi og vel. Sofðu út. Fáðu þér kríu þegar þú vilt. Hvíldu þig sem mest.

Æðislegir pitsusnúðar með pylsubitum

Er ekki upplagt að baka pitsusnúða með krökkunum til að gera eitthvað skemmtilegt heima. Svo er líka gott að geta gripið til þeirra ef hungrið gerir vart við sig. Hér er uppskrift að pitsusnúðum með pylsubitum en vissulega er hægt að nota hvaða álegg sem er. Það má frysta snúðana. Uppskriftn ætti að duga átta manns. Hitið ofninn í 225°C og bakið pitsusnúðana í 20-25 mínútur.

25 g ger
2,5 dl vatn
2 msk. olía
0,5 tsk. salt
2 egg
8 dl hveiti
Fylling:
8 pylsur
2 dl mais
Hálf rauð paprika
150 g rifinn ostur
pitsusósa
1 egg til að pensla með



Það er hægt að nota alls kyns álegg á pitsusnúðana, allt eftir smekk.

Hrærið gerið saman við volt vatn og bætið olíu, salti, eggjum og hveiti saman við. Hnóðið deigið vel og látið hefast í 40 mínútur. Fletjið deigið út og smyrjið það með pitsusósu. Skerið pylsurnar niður og setjið ofan á sósuna ásamt papríku og mais. Loks er ostinum dreift yfir. Rúllið því næst deiginu upp eins og rúllutertu.

Skérið 3 cm stykki og leggið þau á bökunarpappír á ofnplötu. Látið hefast aftur í 20 mínútur. Kælið.

Rúbín kaffi

EDALKAFFI
MEDALBRENNT
FÍNMAÐ

400 g

Rúbín kaffi - gersemi í amstri dagsins

Betri einbeiting og bætt heilsa

Digest Spectrum meltingarensím draga úr einkennum fæðuþols og hafa hjálpað fjölmörgum. Nökkvi Örn öðlaðist betra líf eftir að hann fór að nota þau og gengur m.a. betur að einbeita sér.

Meltingarensímin frá Enzymedica hafa ræki-lega slegið í gegn á Íslandi. Meltingarensím virka þannig að þau eru tekin inn við upphaf máltíðar og virka samstundis. Fyrir suma dugar að taka þau stundum – eftir því hvað verið er að borða og aðrir nota þau með öllum máltíðum. Ensímin eru náttúruleg og því engin hættu á því að eitthvað fari úrskeldis í meltingunni heldur þvert á móti, niðurbrot fæðunnar verður meira og upptaka næringarefna eykst ásamt því að ónot og ýmsir fylgikvillar lélegrar meltingar minnka eða hverfa.

Fæðuþol eða ensímaskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefnt fæðuþol. Margir kannast t.d. við mjólkursykursþol eða laktósaþol sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensíms sem brýtur niður laktósan. Reyndar er það ekki alltaf svo að einkennum fæðuþols komi strax í ljós og geta liðið allt að 72 tímar þar til einkenna verður vart. Oft er það líka svo að þau einkennum sem koma fram séu þess eðlis að erfitt sé að átta sig á því að um fæðuþol sé að ræða.

Ástæður fæðuþols má oftast rekja til skorts á ákveðnum meltingarensímum og/eða að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum



Nökkvi þolir mjólkurvörurnar mikið betur eftir að hann fór að taka inn Digest Spectrum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

“Þetta er án efa það besta sem við höfum komist í tæri við og það að ein tafla án aukaefna geti gefið þessa góðu niðurstöðu er alveg frábært og lífsbætandi

Ingibjörg Vala Sigurðardóttir, móðir Nökkva

ekki þá næringu sem fæðan á að skila okkur.

Getur borðað allt

Nökkvi Örn er fjörugur strákur sem hefur alla tíð verið mjög virkur og hress. Hann var snemma greindur með mjólkurþol, astma og ofnæmi fyrir dýrahárum og frá fyrsta ári hefur hann verið eirðarlaus og oft mjög virkur sem hefur ekki komið að sök fyrr en hann byrjaði í grunnskóla þar sem meiri krafa er gerð um einbeitingu og



að sitja kyrr. Ingibjörg Vala, móðir Nökkva hafði þetta að segja um Digest Spectrum: „Við ákváðum að prófa Digest Spectrum og hefur það haft gríðarlega góð áhrif á hann. Þetta hefur haft bein áhrif á meltinguna hvað varðar laktósan en hann þolir mjólkurvörurnar mikið betur og svo höfum við ekki þurft að hafa áhyggjur þegar við mætum í veislur, að þurfa stöðugt að tiltaka hvað má og hvað má ekki borða.

Betri einbeiting og heilsa

„Digest Spectrum hefur einnig haft áhrif á hegðunina hjá Nökkva, hann heldur mikið betur einbeitingu og er ekki eins eirðarlaus. Eins hefur hann ekki fengið neitt

astmakast frá áramótum þrátt fyrir kuldatið sem hefur annars verið kveikjan að astmaköstum hingað til. Þetta er án efa það besta sem við höfum komist í tæri við og það að eitt hylki án aukaefna geti gefið þessa góðu niðurstöðu er alveg frábært og lífsbætandi,“ segir Ingibjörg.

Hollur matur og óþol

Fjölmargir þjást vegna fæðuþols af einhverju tagi og hafa ekki hugmynd um það. Fólk getur haft óþol gegn ýmiss konar hollustufæði líka og þá getur verið enn erfiðara að átta sig því við gerum oftast ráð fyrir því að þegar við borðum hollt, þá séum við að gera líkamanum gott. Einkenni fæðuþols geta m.a. verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir & ógleði
- Húðvandamál
- Skapsveiflur
- Liðeymsli

